

# DÖFFRIADID

TÍMARIT FÉLAGS HEYRNARLAUSRA

FEBRÚAR 2016

## MATREIÐSLUKONA ÁRSINS

Viðtal við Unni Pétursdóttur,  
sigurvegara matreiðslukeppni heyrnarlausra

eftir GUNNAR SNÆ JÓNSSON

135 árum eftir Mílanó | Alein og yfirgefin í ókunnu húsi fjarri heimahögum | Baráttukonan

Vertu með allt  
á einum stað

 **Hringdu**  
537 7000 | hringdu.is

Fast verð eilíft áhyggjuleysi - Verð aðeins 15.000 kr. \*

# ÓTAKMARKAÐI PAKKINN

**INTERNET**



**ÓTAKMARKAÐ**  
GAGNAMAGN + NETBEINIR

**FARSÍMI**



**ÓTAKMARKAÐ**  
ÓHÁÐ KERFI - SÍMTÖL/SMS/MMS

**HEIMASÍMI**



**ÓTAKMARKAÐ**  
ÓHÁÐ KERFI

Aðgangsgjald Gagnaveitu Reykjavíkur 2.580 kr. \*

**4 Formannspistill og pistill framkvæmdastjóra**  
*Pistlar frá starfsmönnum félagsins*

**5 Frá lögfræðingi Félags heyrnarlausra**  
*Fjallað um verkefni sem unnið hefur verið að og varða réttindi döff til túlkapjónustu*



**6 Dagur Döff 2015**  
*Fagnaður á Degi Döff í lok september á síðasta ári*

**7 Fréttir vikunnar**  
*Nýtt verkefni kynnt fyrir félagsmönnum*

**8 Skýrslur frá ráðstefnum út í heimi**  
*Formaðurinn segir frá þrem ráðstefnum sem hún tók þátt í fyrir hönd félagsins á síðsta ári. Samantekt frá hverjum fundi*



**12 Íslensk kona vinnur matreiðslukeppni**  
*Viðtal við Unni Pétursdóttur sem tók þátt í matreiðslukeppni fyrir Íslands hönd og sigraði*

**14 Baráttukonan**  
*Viðtal við Snædís Rán Hjartardóttur sem höfðaði mál gegn íslenska ríkinu vegna túlkapjónustu*

**17 135 árum eftir Milánó**  
*Táknálsfræðinemar skrifa útdrátt um táknálsbannið og áhrif þess á menningu heyrnarlausra sem gætir enn í dag*

**18 Alein og yfirgefin í ókunnu húsi fjarri heimahögum**  
*Hervör Guðjónsdóttir rifjar upp minningar bernskunnar, bæði sárar og ljúfar, þegar hún var skilin eftir í stóru húsi með ókunnugu fólki*

**24 Sagan endalæsa**  
*Viðtal við Elsu G. Björnsdóttur um verðlaunastutmynd sína*



**27 Barnamót á Úirfljótsvatni**  
*Íslendingar skipulögðu og héldu norrænt barnamót sem haldið er á tveggja ára fresti*

**28 Söngtextar þýddir á íslenskt táknmál**  
*Hulda M. Halldórsdóttir segir frá þýðingum á söngtextum á táknmál*

**28 Von**  
*Viðtal við Kolbrúnu Völkudóttur um lokaverkefni sitt úr Kvikmyndaskóla Íslands*

**30 Ég verð aldrei raunverulegur fjölskyldumeðlimur í heyrandi fjölskyldu minni því þau kunna ekki táknmál**  
*Rebekah Rose-Mundy frá Ástralíu segir frá upplifun sinni af samskiptum í heyrandi fjölskyldu*

**34 Spring Awakening**  
*Heyrnarlausir og heyrandi leikarar leika saman á Broadway í New York*



**36 Döfsmót 2015**  
*Samantekt um síðasta döfsmót og sagt frá mótinu í ár*

**Framkvæmdastjóri:**  
Daði Hreinsson  
dadi@deaf.is

**Ábyrgðarmaður:**  
Heiðís Dögg Eiríksdóttir  
heiddis@deaf.is

**Ritstjóri:**  
Gunnar Snær Jónsson  
doffbladid@deaf.is

**Auglýsingastjóri:**  
Próstur Friðbjófsóttir  
throstur@deaf.is

**Umbrot:**  
Gunnar Snær Jónsson

**Ljósmynd á forsíðu:**  
Eva Björk Ægisdóttir

**Aðsendar ljósmyndir:**  
Leszek Daszkowski  
Hjördís Anna Haraldsdóttir  
Heiðís Dögg Eiríksdóttir  
Elsa G. Björnsdóttir  
Kolbrún Völkudóttir  
og aðrar aðsendar myndir

**Prófarkalestur:**  
Anney Þórunn Þorvaldsdóttir

**Prentun:**  
Prentsmiðjan Hjá Guðjóni

**Stjórn Félags heyrnarlausra:**  
Heiðís Dögg Eiríksdóttir  
**formaður**  
Guðmundur Ingason  
**varaformaður**  
Hjördís Anna Haraldsdóttir  
Bernharð Guðmundsson  
Sigríður Vala Jóhannsdóttir  
**meðstjórendur**

**Upplag:**  
1.200 eintök

**ISSN:**  
1670-6013



**Fylgið með okkur**  
facebook.com/felagheyrnarlausra



**Útgefandi:**  
Félag heyrnarlausra  
Þverhólt 14  
105 Reykjavík  
**Sími / Fax:**  
561-3560 / 551-3567  
**Netfang:** deaf@deaf.is  
**Veffang:** www.deaf.is

# Formannspistill



Heiðdís Dögg Eiríksdóttir  
**Formaður**  
heiddis@deaf.is

Nýlega barst bréf frá velferðaráðuneytinu, undirritað af félags- og húsnæðismálaráðherra, þar sem formanni félagsins var veitt lausn frá störfum í verkefnisstjórninni og jafnframt færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Síðasti fundur þessarar verkefnastjórnar var 11. júlí 2014. Félagið hefur ítrekað sent bréf þar sem óskað er eftir niðurstöðum vegna skýrslu verkefnastjórnarinnar en engin svör fengið. Þess má geta að þessi vinna hófst upphaflega í ársbyrjun 2010. Í staðinn fyrir að sitja eftir með sárt enníð sneri félagið vörn í sókn og hefur leitað tækifæra til að ná fram réttindum sínum. Stjórn félagsins samþykkti að ráða til starfa Hafdís Gísladóttur, lögfræðing, en hún er vel kunnug hagsmuna- og réttindamálum félagsins. Hefur hún ásamt formanni unnið að málefnum félagsins. Mörg járn eru í eldinum og helstu mál í farvegi eru málefni barna, s.s. ráðgjöf og snemmtæk íhlutun, túlkun í daglegu lífi og atvinnulífi og velferðarþjónusta aldra og döfð. Árið 2013 tæmdist túlkasjóðurinn í fyrsta sinn áður en tímabilinu lauk. Þá fóru fyrstu kærurnar til mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna neitunar á táknmálmálum. Slík leið er oft löng en er samt sem áður mikilvæg til

að fá niðurstöður og gefur okkur fordæmi. Nú í haust bærast okkur fyrstu niðurstöður þar sem úrskurðað var að þessi túlkaneitun ætti ekki við rök að styðjast. Nú á þessu ári þegar sjóðurinn tæmdist á öðrum árshluta sendi félagið fimm kærur. Það er mikilvægt að fólk haldi áfram að panta táknmálmál þó sjóðurinn sé tómur. Eitt besta vopnið okkar eru neitanir sem við getum e.t.v. beitt fyrir okkur. Félagið hefur á liðnu ári sett nokkurn kraft í jákvæða vitundarvakningu. Við erum stolt af því að sjá táknmálið í fjölmiðlum og vefmiðlum, eins og t.d. tónslistar myndbandið „Ég er komin heim“ þar sem Hulda Halldórsdóttir syngur á táknmáli. Þetta var samstarfsverkefni félagsins og KKÍ og sá SignCrew um verkið. Á einum sólarhring var myndbandið komið vítt og breitt um vefmiðla og fékk umfjöllun á erlendra grundu. Við megum við vera stolt af því.

## Pistill framkvæmdastjóra



Daði Hreinsson  
**Framkvæmdastjóri**  
dadi@deaf.is

Sælir kærur félagsmenn og gleðilegt ár!

Í upphafi árs eins og áður er alltaf sest niður með stjórn og starfsfólki og næstu mánuðir mótaðir í rekstri, þjónustu og stefnu félagsins til viðbótar við þau verkefni sem stefnumótun félagsins nær yfir. Undanfarið misseri og árið í ár verður mjög líflegt í þjónustu félagsins og má helst nefna ákvörðun stjórnar að ráða Hafdís Gísladóttur tímabundið í fullt starf til að ná yfir helstu hagsmuna- og réttindamál félagsins og heyrnarlausra á Íslandi. Heiðdís formaður er Hafdís til samlætis og saman hafa þær sent fjölmörg bréf á ráðherra, umboðsmann Alþingis og fleiri ásamt því að heimsækja ráðherra og rekja áfram málefni sem eru heyrnarlausum frá fæðingu til síðasta dags mikilvæg. Vil ég segja að það er mikill fengur að fá Hafdís sem þekkir málefni döfð svo vel sem og stjórnsýsluna í landinu. Þá er líka ánægjulegt að tilkynna að nú í byrjun árs starfa 8 döfð að ýmsum verkefnum á vegum félagsins í rúmlega 4 stöðugildum. Er þessi verkefni allt frá hagsmunagæslu, menningamálum og í viðhald og ræstingu fasteignar félagsins. Ég þori ekki að staðfesta en ekki er talið að fleiri döfð hafi verið í starfi hjá Félagi heyrnarlausra áður og er það afar gleðilegt. Rekstur félagsins var nokkuð

nálægt jafnvægi 2015 og lítur árið í ár miðað við þau fjölmörgu verkefni sem eru í gangi og áætlanir okkar í tekjumálum að reksturinn verði í jafnvægi, sem er eins og fyrr segir mjög ásættanlegt miðað við umfang verkefna sem félagið áætla á árinu 2016.

Framkvæmdastjóri félagsins tók þátt í DNR fundi sem haldinn var í Kaupmannahöfn í október síðastliðnum og hafa nokkur ár liðið frá síðustu þátttöku minni. Þetta var mjög áhugaverður fundur og gott að mæta á hann þar sem næsti fundur verður haldinn á Íslandi í apríl næstkomandi. Miklar breytingar hafa orðið á rekstri félaga döfð á Norðurlöndunum þar sem tekjur vegna getrauna og Lottó hafa verið skornar mikið niður, ástæðan er að getraunir og ýmsir lottóleikir hafa verið gefnir frjálsir og því hafa tekjur úr slíkri starfsemi dreifst mikið og þar af leiðandi minnkað töluvert. Framkvæmdastjóri mun eiga vinnufund með fulltrúum hinna döfð félaganna á Norðurlöndunum með hugmyndir að öðrum tekjuleiðum en Félag heyrnarlausra á Íslandi er ólíkt Norðurlöndunum ekki háð tekjum af Lottó eða getraunum.



Hafdís Gísladóttir  
**Lögfræðingur**  
hafdis@deaf.is

### Endurgjaldslaus tülkaþjónusta í daglegu lífi (Þorgerðarsjóður)

Í mennta- og menningarmálaráðuneytinu er nú unnið að breytingu á reglugerð Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra nr. 1058/2003, ásamt síðari breytingum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið birti tillögu um breytingu á reglugerðinni á heimasíðu ráðuneytisins í nóvember 2015 þar sem almenningi gafst kostur á að koma með athugasemdir.

Tillögur mennta- og menningarmálaráðuneytisins ganga m.a. út á það að auglýst verði eftir umsóknum frá notendum endurgjaldslausrar tülkaþjónustu vegna hvers 6 mánaða tímabils. Auk þess er lagt til að fjármagni sem ætlað er til endurgjaldslausrar tülkaþjónustu verði skipt í 3 flokka. Í fyrsta lagi tülkaþjónustu vegna hagsmunagæslu notenda t.d. vegna atvinnu, ökuskóla, húsfélags, bankaviðskipta ofl. Í öðru lagi táknmálstülkaþjónustu vegna velferðar, heilsu, félagslegrar þátttöku t.d. vegna skóla, námskeiða, ráðgjafar og funda á vegum opinberra aðila. Í þriðja lagi táknmálstülkaþjónustu vegna þátttöku við aðstæður t.d. vegna þátttöku hjá trúfélögum, í frístundum og veislum.

Félag heyrnarlausra skilaði athugasemdum þann 20. nóvember sl. Í fyrsta lagi gerir félagið athugasemd við skiptingu fjármagns í ofangreinda flokka. Sem dæmi nefnir félagið að táknmálstülkaþjónusta sem fellur undir 2. flokk í tillögum ráðuneytisins, tülkaþjónusta vegna velferðar, heilsu og vegna námskeiða og funda hjá opinberum aðilum fellur almennt ekki undir það sem skilgreint er sem endurgjaldslaus tülkaþjónusta. Félag heyrnarlausra lítur svo á að þegar opinberar stofnanir bjóða upp á þjónustu, námskeið eða fundi þá leiði það m.a. af 13. gr. laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls að viðkomandi stofnun eigi að tryggja tülkaþjónustu. Það sama eigi

# Frá lögfræðingi Félags heyrnarlausra

*Lögfræðingur Félags heyrnarlausra vinnur að málum sem varða hagsmuni félagsmanna í heild auk ýmissa mála er varða réttindi einstakra félagsmanna. Einnig vinna formaður félagsins og lögfræðingur saman að ýmsum málum er varða stefnumótun í málefnum döf fólks og íslenska táknmálsins. Í þessum pistli verður vikið að verkefnum sem unnið er að og varða réttindi döf til táknmálstülkaþjónustu.*

við um þátttöku í trúarlegum athöfnum hjá þjóðkirkjunni (sem 3. flokkur vísar til).

Í athugasemdum félagsins er lagt til að fjármagni til endurgjaldslausrar tülkaþjónustu verði skipt í tvo flokka. Í fyrsta lagi flokk sem felur í sér ótakmarkaða táknmálstülkaþjónustu við athafnir dagslegs lífs sem eru nauðsynlegar til að einstaklingur sem reiðir sig á íslenskt táknmál til samskipta geti tekið þátt í samfélaginu og staðið jöfnum fæti á við aðra borgara. Nefnt er sem dæmi atvinna, ökuskóli, húsfundur, bankaviðskipti, samskipti við tryggingafélög, lögfræðiaðstoð, fasteignaviðskipti og samskipti við ýmsa aðila sem eru einkaréttarlegs eðlis t.d. trúfélög utan þjóðkirkjunnar og félagsamtök. Í öðru lagi flokk sem felur í sér táknmálstülkaþjónustu notenda í t.d. veislum, á fjölskyldusamkomum o.fl. Lagt er til að í þennan flokk verði ráðstafað afmörkuðu fjármagni sem notendur sjálfir ákveða hvernig þeir ráðstafa innan þess ramma sem yrði afmarkaður við þessa tegund tülkaþjónustu. Í þessu sambandi vísar Félag heyrnarlausra til danskrar löggjafar um tülkaþjónustu.

Félag heyrnarlausra gerir einnig athugasemd við tillögu mennta- og menningarmálaráðuneytisins um að auglýsa eftir umsóknum frá notendum vegna 6 mánaða tímabils. Félagið bendir á að óraunhæft sé að ætla notendum táknmálstülkaþjónustu að sjá fyrir hvaða táknmálstülkaþjónustu þeir þurfi á að halda næstu 6 mánuði. Sem dæmi þá geti notendur táknmálstülkaþjónustu ekki séð fyrir dauðsföll næstu 6 mánuði og þær breytingar sem það getur haft á líf fólks og þörf fyrir táknmálstülkaþjónustu. Einnig sé óraunhæft að ætla að einstaklingur geti skipulagt eða séð fyrir 6 mánuði fram í tímann ýmiss óhöpp sem kalla á samskipti t.d. við tryggingarfélag eða aðra sjálfstætt starfandi aðila eins og iðnaðarmenn. Er það mat félagsins að farsælast sé að ferli beiðna um táknmálstülkaþjónustu verði með þeim hætti að pantað sé eftir þörf hverju sinni.

Einnig varar Félag heyrnarlausra við of viðtæku valdframsali til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra um að meta hvenær táknmálstülkaþjónusta er forsenda þess að umskækjandi geti staðið jöfnum fæti á við aðra borgara er varða réttindi hans og skyldur. Leggur félagið áherslu á að sett verði lög um endurgjaldslausa táknmálstülkaþjónustu og vísar í því sambandi til löggjafar

í Danmörku „lov om tolkning til personer med hörehandicap“.

### Réttur til tülkaþjónustu við meðferð einkamála

Félag heyrnarlausra hefur haft afskipti af málum félagsmanna sem hafa við reksturs einkamáls fyrir dómstólum verið krafðir um greiðslu kostnaðar vegna táknmálstülkaþjónustu. Eftir afskipti félagsins féllst dómstólinn á að greiða kostnað vegna táknmálstülkaþjónustu en eftir sem áður er réttarstaðan óljós hvað þetta varðar. Félag heyrnarlausra hefur farið þess á leit við innanríkisráðherra að gerð verði breyting á 10. gr. laga um meðferð einkamála þannig að tryggð verði réttur döf til táknmálstülkaþjónustu við meðferð einkamála og að ríkissjóður greiði fyrir þann kostnað. Innanríkisráðherra hefur brugðist vel við beiðni félagsins og lagt til breytingar sem fela í sér að táknmálstülkaþjónusta vegna meðferðar einkamála verði greidd úr ríkissjóði. Innanríkisráðuneytið hefur sent tillögu um breytingu á ákvæði 10. gr. til Dómstólaráðs til umsagnar. Félag heyrnarlausra gerði að vísu athugasemd við orðalag tillögunnar en bindur vonir við að ákvæðinu verði breytt þannig að réttur til táknmálstülkaþjónustu við meðferð einkamála fyrir dómstólum verði tryggður.

### Réttur til táknmálstülkaþjónustu hjá einkaaðilum sem veita heilbrigðisþjónustu á grundvelli samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

Nokkur tilvik hafa komið upp þar sem félagsmönnum er synjað um táknmálstülkaþjónustu hjá stofnunum sem ekki eru opinberar stofnanir en veita þjónustu á grundvelli samnings við Sjúkratryggingar Íslands. Þetta eru stofnanir eins og t.d. hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra, þjónusta NáttúruLækningafélags Íslands, sjúkrahúsið Vogur (SÁÁ) og fleiri. Núna stendur yfir endurskoðun á lögum um Sjúkratryggingar Íslands og hefur félagið lagt til að skýrð verði réttarstaða döf þannig að táknmálstülkaþjónusta verði tryggð hjá þeim aðilum sem veita heilbrigðisþjónustu á grundvelli samnings.

Að lokum vil ég hvetja félagsmenn til tilkynna til félagsins ef þeim er synjað um táknmálstülkaþjónustu eða þeir álíta sig verða fyrir mismunun á annan hátt í samfélaginu.



Mynclir: Leszek Daszkowski

# Dagur Döff 2015



Heiðís Dögg Eiríksdóttir

Alþjóðavika Döff var vikuna 21. - 27. september 2015. Hún er haldin víðs vegar um allan heim. Alheimssamtök döff (WFD) ákveða þema fyrir hverja alþjóðaviku. Árið 2015 var það With Sign Language Rights, Our Children Can! Fimmtudaginn 24. september hófst dagskráin í Samskiptamiðstöð með góðri mætingu fólks á öllum aldri. Föstudaginn 25. september var dagskrá í sal Félags heyrnarlaustra og kaffiveitingar í boði félagsins. Í tilefni af baráttu döff fengu Davíð Bergmann og félagar hans í mótorhjólasmötum viðurkenningu fyrir veittan stuðning sem okkur var sýndur í baráttu okkar þegar túlkasjóðurinn tæmdist um vorið. Snædís Rán Hjartardóttir fékk viðurkenningu vegna framlags síns í baráttu vegna neitunar á túlkajónustu. Gunnar Snær Jónsson og teymi hans í SignCrew hlutu viðurkenningu fyrir tónlistarmyndband á táknmáli sem farið hafði vítt og breitt um veraldarvefinn. Elsa Björnsdóttir fékk viðurkenningu fyrir stuttmynd sína Endless Story sem fékk verðlaun á alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reims sumarið 2015. Kolbrún Völkudóttir fékk viðurkenningu fyrir stuttmynd sína Von sem hún gerði á lokaðnn sinni við Kvikmyndaskóla Íslands. Laugardaginn 26. september var áætlað að fara á „Táknmálseyjuna“ Viðey en vegna veðurs var dagskráin færð í Bæjarbíóið í Hafnarfirði. Þar skemmtu ungir sem aldnir sér við að horfa á kvikmyndir, fá andlitsmálningu og töframaður kom og heillaði ungu kynslóðina með töfrum. Um kvöldið var svo kvöldverður á Casa Grande.





# Fréttir vikunnar



Daði Hreinsson

Stjórn Félags heyrnarlausra ákvað að fara af stað með „Fréttir vikunnar“ sem á að vera vikulegur pistill um mál-efni er tengjast döff. Markmiðið er að stjórnin, starfsfólkið og félagið sjálft færast nær félagsmönnum sínum og upplýsi þá um hverju félagið er að vinna að. Lengi verið gagnrýnt af félagsmönnum að það vanti meiri upplýsingar um hverju félagið þeirra er að vinna að og oft myndast sá misskilningur að ekkert sé að gerast í félaginu sem er alrangt. Hlutverk „Frétta vikunnar“ er því að upplýsa um störf stjórnar, félagsins og auka þannig gagnsæi. Einnig upplýsum við og segjum frá áföngum döff úti í hinu daglega lífi auk annarra viðburða döff út í heimi. Einnig hvetjum við ykkur félagsmenn að senda inn tillögur að efni til að auka fjölbreytileika „Frétta vikunnar“. Þættirnir verða alltaf sendir út á föstudögum og verður byrjað til reynslu í þrjá mánuði.



# Skýrslur frá ráðstefnum út í heimi



Heiðís Dögg  
Eiríksdóttir

## Norðurlandaráð heyrnarlausra (DNR) í Helsinki, í Finnlandi 10. - 12. apríl 2015

Heiðís og Hjördís fóru sem fulltrúar okkar til Helsinki. Föstudaginn 10. apríl var farið í heimsókn til Human Rights Centre. Þar tók á móti okkur Sirpa Rautio sem er framkvæmdastjóri HRC, hún í samstarfi við FAD (Döff félagið í Finnlandi) skipulagði stutt erindi nokkurra gesta. Meðal gesta var Tuomas Kurttila sem er umboðsmaður barna. Hann ræddi um mikilvægi aðgengis barna að menntun og þar á meðal döff barna. Ljóst er að efla þarf læsi döff barna sem er mikilvægur lykill að menntun þeirra. Johanna Suurpää sem er yfirmaður alþjóðasamskipta, tungumála og mannréttinda innan dómsmálaráðuneytisins kom og sagði okkur frá hlutverki þeirra og sáttmála SP um fólk með fötlun sem hefur ekki enn verið innleiddur í Finnlandi líkt og á Íslandi og lög um finnska táknmálið. Petri Jääskeläinen umboðsmaður Alþingis í Finnlandi ræddi um hlutverk sitt að fylgja eftir að stjórnvöld fari eftir lögum og reglugerðum. Robin Harms umboðsmaður minnihlutahópa talaði um hversu mikilvægt er að varðveita menningararf minnihlutahópa og tungumál svo sem táknmál. Mikilvægt væri að tryggja að börn fái ríkulegt táknmálsumhverfi til að menningararfurinn skili sér til komandi kynslóða.

### Punktur frá fundinum

- Á föstudeginum var umræða umboðsmanna á HRC. Einróma samhugur var um gagnsemi tengslastarfs við stjórn málaheiminn vegna baráttumála okkar.
- Rætt var um skýrslu landanna og að talað um að prófa að gera myndband næst. Í Svíþjóð er venja að tákna fyrst og síðan texta, sem sagt táknmál fyrst og svo texti.
- Mikilvægt er að í reglugerðum, lögum og þess háttar þar sem unnið er með táknmálið og réttindamál, að gæta þess að það sé ekki háð heyrninni.
- Stuttar umræður voru um Dag Döff og Dag táknmálsins. Þar voru mismunandi skoðanir. Sumum finnst þetta um of en öðrum (t.d. ÍSL) finnst þessir dagar jafn

mikilvægir. Líta má svo á að á Degi Döff sé einblínt á döff, menningarheim þeirra, samfélag og fræðslu. Á Degi táknmálsins sé táknmálinu hins vegar fagnað óháð Döff. Ákveðið var að ræða þessi mál frekar á næsta fundi.

- Umræður um heimasíðu DNR, [www.dnr.org](http://www.dnr.org). Hún ekki virk eins og er þar sem Danir hafa tekið við formennsku DNR og settu upp síðu fyrir DNR inn á [www.deaf.dk](http://www.deaf.dk). Samþykkt var að leyfa þessu að þróast og vera þar á formennskutíma Dana og hin hagsmunasamtökin setji slóðir inn á DNR á sínar heimasíður.
- Kaisa Alanne kynnti tillögu um áætlun til að saga DNR verði að veruleika. DNR fagnar 115 ára afmæli árið 2017. Hugmyndin er að hvert land leggi til 1000 evrur ásamt styrk sem Finnar hafa fengið og fá sagnfræðinga frá Svíþjóð til að klára vinnuna. Skrásetningin verður rafræn sem gefur okkur þann möguleika að byggja ofan á þetta í nánustu framtíð. Hvert land ræðir við sína stjórn vegna peningastyrksins og finnur tengil frá hverju landi við þetta verkefni.
- Noregur óskaði eftir punktum um hvað væri gott í lögum táknmálsins í hverju landi þar sem er verið að endurskoða hjá þeim. Okkar punktar eru:
- Við vitum enn ekki hversu góð lög okkar eru, það þarf að koma í ljós. En þau sem við höfum beint í stjórnsýslukærum hafa reynst okkur vel, sér í lagi 3. gr. þar sem segir að ÍTM sé fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Hver sem hefur þörf fyrir táknmál skal eiga þess kost að læra og nota ÍTM og sama rétt eiga nánustu aðstandendur, sjá nánar 3. gr. í lögum 61/2011. 3. gr. er mikilvæg því hún viðurkennir að ÍTM er mál þeirra sem reiða sig á það og mikilvæg fyrir aðstandendur. 13. gr. er líka mikilvæg, þar segir að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á því að varðveita ÍTM, þróa það og stuðla að notkun þess. 1. gr. hefur hjálpað okkur mikið í baráttu okkar fyrir því að döff fái

túlkapjónustu hjá sveitarfélögum og ríkinu t.d. sýslumanni, kirkju og fleira. 2. mgr. er okkur líka mikilvæg í stjórnsýslukærum og í málum við stjórnvöld og erum við núna að reyna á þessi ákvæði. Sem sagt, þegar við fáum niðurstöðu dómstóla þá vitum við betur hversu góð þessi lög eru og munum móta innihald þessara ákvæða betur.

• Fulltrúar frá Teater Manu, Noregi og Teater Totti, Finnlandi komu með erindi á fundinn. Þær sögðu þeirra upplifun að það vantaði meiri og sterkari tengsl milli döff leikhúsa á Norðurlöndum. Þær óskuðu eftir stuðningi frá DNR og pólitískum stuðningi en komu samt ekki nógu skýrt með hvað það væri það sem þær óskuðu eftir frá DNR. Það verður rætt um þetta nánar á næsta DNR fundi.

• Fáni/Flag DNR. Danir hafa spurst fyrir um reglugerð fánans og fengu þau svör að DNR fáninn er ekki heilagur, gera má breytingar. Danir ætla að taka að sér að koma með tillögum og kynna á næsta fundi, þar vantar t.d. fána Grænlands.

• Farið yfir helstu viðburði hjá Alþjóðasamtöki heyrnarlausra (WFD), Evrópubandalagi heyrnarlausra (EUD), Pro Communication Nordica (PCN).

• DNUR og DNR ræddu aðeins um gr. 24 í sáttmálanum. Eva Tuupi sem vinnur hjá WFD er núna að safna saman gögnum um 24. gr og móta einskonar skuggaskýrslu um 24. gr hvernig hún er að virka í þeim löndum sem hafa samþykkt sáttmálann.

• Rætt um Viking events í WFD. Hugmyndir og hlutverkaskiptingu milli landa með boðskort, búninga og fleira.

• Nú er kominn tími fyrir DNR að gera nýja starfsáætlun til ársins 2018. Samþykkt að hvert land hitt sína stjórn og fari yfir hvaða áherslur þarf að leggja og setja saman tillögur fyrir næsta fund sem verður 23. - 25. október í Kaupmannahöfn.





# Alheimssamtök heyrnarlausra (WFD) í Istanbul, Tyrklandi 25. júlí - 1. ágúst 2015



Heiðisdóttir  
Eiríksdóttir

Alheimssamtök heyrnarlausra héldu aðalfund og ráðstefnu í Istanbul í Tyrklandi dagana 25. júlí til 1. ágúst 2015. Fulltrúar Fh voru Hjördís Anna Haraldsdóttir og Heiðisdóttir.

Stjórn Fh tók þá ákvörðun að senda tvo fulltrúa fyrir sína hönd á WFD 2015. Fulltrúar DNR, Norðurlandaráðs höfðu komið sér saman um að vera saman á hóteli á meðan aðalfundur og ráðstefna WFD stæði yfir til að auðvelda samstarf okkar og samskipti á tímabilinu. Venjan hefur verið að DNR skipuleggi Víkingkvöld meðan á ráðstefnunni stendur og er markmið þess að kynna samtökin á Norðurlöndum ásamt kynningu á samstarfi DNR.

Á aðalfundinum var farið yfir hefðbundin fundarstörf og þurfti því miður að bæta við einum fundardegi til viðbótar. Formaður WFD, Colin Allen, var fundarstjóri á fundinum og fulltrúar WFD tóku að sér að kynna ef um tillögur var að ræða. Þótti okkur fulltrúum að gera mætti betur og hafa hlutlausan fundarstjóra til að stýra fundinum. Einhverjir áttu bókað flug heim eftir áætlaðan fundartíma sem gat komið niður á fundarstörfum þar sem fulltrúum fækkaði verulega á þriðja degi.

Einhverjir fulltrúar voru ekki sáttir við þau lög WFD að til að geta tilnefnt kandidata fyrir formann eða meðstjórnendur WFD

þá er skylda að aðildarlöndin séu búin að greiða meðlimagjöldin við ársbyrjun og skuldi ekki eldri meðlimagjöld. Colin Allen var sjálfkjörin formaður WFD, kosið var um varaformann og buðu tveir kandidatar sig fram, Dr. John Murray frá Ameríku og Dr. Terry Riley frá Bretlandi. Dr. John Murray fékk flestu atkvæðin, meðstjórnendur þurftu ekki að kjósa þar sem það voru ekki fleiri en fjöldi stjórnarmanna inni í WFD.

Rætt var um lagabreytingar sem voru mest breytingar á texta og málfræði og voru þær nær allar samþykktar.

Mikill tími fór í að ræða um árgjöld WFD. Tillögur komu frá WFD um hvernig eigi að flokka eða skipta upp eftir getu þjóða til að greiða árgjöld. Vestraenu löndin höfðu lítið um þetta að segja þar sem þetta hefur ekki mikil áhrif á þau en hefur mikil áhrif á þau lönd sem hafa ekkert sem lítið á milli handa til að greiða árgjöld WFD. Engin niðurstaða kom og verður þessi umræða tekin upp hjá stjórn WFD og síðar á næsta WFD aðalfundi sem verður árið 2019 í París.

Tvö lönd buðu sig fram til að hafa WFD 2019, Hong Kong og Frakkland. Litlu munaði á milli, Hong Kong fékk 35 atkvæði og Frakkland 38 atkvæði.

Farið var yfir nokkrar tillögur sem bárust WFD fyrir aðalfund.



# Aðalfundur Evrópuband- lags heyrnarlausra (EUD) í Riga, Lettlandi. 15. - 17. maí 2015



Heiðdís Dögg  
Eiríksdóttir

## Málþing 15.maí 2015

**Heyrnarlausir á atvinnumarkaði í Evrópu – Reynsla og innsýn nokkurra um stöðu heyrnarlausra á atvinnu-  
markaði í Evrópu.**

Mr.Edgar Vorslovs, formaður LNS (land-  
samtaka heyrnarlausra í Lettlandi), opnaði  
málþingið og sagði að mikilvægt væri að  
efla að jafnrétti fyrir alla í atvinnulífi í Evrópu.

Mr. Adam Kósá og Ms. Helga Stevens,  
þingmenn í Evrópuþinginu, kynntu sín störf  
innan þingsins. Þau minntu okkur á að að-  
gengi okkar er í sumum tilvikum ólíkt að-  
gengismálum hreyfihamlaðra og flestra  
samtaka fólks með fötlun því í þeirra tilviki  
er hindruninni ýtt frá með einhverri varan-  
legri breytingu á húsnæði, tækni, bygg-  
ingum, lýsingu, hljóði og fleiru en fyrir döff  
er táknaðstúlkun ekki varanleg breyting  
sem sett er inn í eitt skipti fyrir öll. Tákn-  
málstúlkun er lykill að aðgengi fyrir bæði  
döff og þá sem eiga samskipti við döff og  
tala ekki táknmál. Það þarf alltaf að vinna í  
því aðgengi. Viðhorf er líka hindrun í okkar  
samfélagi. Það dugur ekki að gera breyt-  
ingar í aðgengismálum heldur þarf líka að  
vinna með viðhorfið.

Ms. Aija Barca, formaður atvinnu- og félags-  
málanefndar í Saeima (Alþingi), talaði  
um að menntun væri grundvöllur fyrir  
lífið sjálft. Döff í Lettlandi sem eru með  
menntun eru margir á lágmarkslaunum  
sem ýtir ekki undir jafnrétti á vinnumarkaði  
fyrir alla í Lettlandi. Hluti af viðhofs-  
breytingu er að fræða og sýna fólki að döff  
sé ekki að fá sérþjónustu á meðan táknaðs-  
túlkur er til handar við túlkun í atvinnulífi.  
Döff hafa tækifæri í dag til að mennta sig.  
Mikilvægt fyrir alla og þar á meðal döff að  
vinna sjálfir að þeirra grunni til að fá atvinnu  
við hæfi og undirbúa sig með ferilskrá, at-  
vinnuviðtölum og þess háttar eins og aðrir  
þegar í þjóðfélaginu.

Ms. Tania Tsiora, starfsmaður hjá  
Evrópuráðinu, fjallaði um atvinnulíf fólks  
með fötlun og sagði sáttmála SP mikilvægt  
vopn í baráttu fólks með fötlun fyrir jafn-  
rétti í atvinnulífi. Sum lönd eru núna að fara  
á fund í Genf í Sviss vegna hliðarskýrslu  
SRFF. 27. gr SRFF er gott verkfæri í baráttu  
í atvinnulífinu. Það þarf að tryggja að at-  
vinnurekandi beri ekki kostnað af því að  
ráða fólk með fötlun í vinnu, stjórnvöld  
þurfa að taka þá ábyrgð.

Mr. Colin Allen, formaður WFD (alheims-  
samtaka döff), fór yfir þróun og vinnu með  
SFRR. WFD hefur unnið stórt og mikið

starf. Eingöngu fjögur Evrópulönd eiga eftir  
að fullgilda samninginn: Ísland, Finnland,  
Írland og Holland. Mikilvægt er að þegar  
búið er að fullgilda samninginn verði unnið  
náðið með regnhlífarsamtökum við vinnslu  
á skuggaskýrslum. Stjórnvöld skrifa sína  
skuggaskýrslu sem send verður til Genf og  
mikilvægt er að við vinnum okkar vel þegar  
að því kemur.

Mr. Kasper Bergmann ræddi um sína  
reynslu við vinnslu á skuggaskýrslu fyrir  
DDL og regnhlífarsamtök í Danmörku. Hann  
nefndi mikilvægi þess að velja eitt sem  
væri áriðandi hverju sinni. Það væri auðvelt  
að detta niður í að skrifa langa skýrslu en til  
að marktækur árangur náist í Genf sé mikil-  
vægt að takmarka valið. T.d í Danmörku var  
í stuttu málið valið að fjalla um að börn sem  
fæðast með heyrnarskerðingu eiga rétt á  
táknmáli óháð hvort þau nýti sér heyrnar-  
tæki eða kuðungsigræðslu eða hvorugt.  
Eftir 4 ár verður áherslan á eitthvað annað.

Ms. Solveiga Kabaka er framkvæmdastjóri  
vinnuálastofnunar fyrir fólk með fötlun.  
Það er stofnun sem var sett á laggirnar fyrir  
tilstuðlan EU með styrk til að starfrækja  
slíka stofnun í vissan tíma. Hún talaði um  
vinnusamninga sem væru mikilvægir til að  
gefa fólki með fötlun tækifæri til að sanna  
sig og að atvinnurekendur gætu séð að  
ekkert er að óttast. Mikilvægt væri að efla  
virkni þeirra sem eru óvirkir og háðir bóta-  
kerfinu.

Ms. Gunta Anca, varaformaður EDF (Euro-  
pean Disability Forum), ræddi um að mikil-  
vægt væri að gæta varúðar þegar lesið  
er í tölur í tölfraði í tengslum við fólk með  
fötlun. Túlkunin á bakvið fötlun er breið og  
loðin. Þegar sagt er að fólk sem nýttir sér  
heyrnartæki vel sé fatlað en aðrir ekki hefur  
það áhrif á tölfraðina. Mörg Evrópulönd  
glíma við vandamál sem tengist bótum. Ef  
bætur eru meiri en lágmarkslaun og eins-  
taklingur með fötlun á ekki möguleika á að  
fá atvinnu með hærri laun en lágmarkslaun  
þá fer hann síður á atvinnumarkaðinn. Hins  
vegar er ljóst að margir einstaklingar með  
fötlun hafa áhuga og vilja á að komast á at-  
vinnumarkaðinn.

Ms. Ivars Kalnins, meðstjórnandi í LNS,  
kynnti fyrir okkur niðurstöður könnunar  
á félagslegri stöðu döff og atvinnuleit döff  
ungmenna 18-30 ára í Lettlandi. Mikið er  
um að ungmenni leiti út fyrir Lettland að at-  
vinnu. Á næstunni verður könnunin kynnt  
fyrir vinnuálastofnun í Lettlandi.

Mr. Mark Weatley og Ms. Petra Söderqvist

kynntu nýja bók sem EUD er að gefa út,  
Implementation of the UN convention on  
the Right of person with disabilities and  
employment. Bókin er til í Félagi heyrnar-  
lausra og verður að auki í rafrænu formi á  
heimasíðu EUD [www.eud.eu](http://www.eud.eu).

## Aðalfundur EUD 16. - 17.maí 2015 í Riga

Markuu Jokkinen formaður EUD setti fund-  
inn og fundarstjórinn Johan Wewmann tók  
við. Farið var yfir fundargerð síðasta EUD  
fundar í Aþenu án athugasemda. Skýrsla  
EUD var kynnt fyrir fulltrúum en hægt er að  
sjá hana inn á [www.eud.eu](http://www.eud.eu) undir Impact  
Report 2014 og þar eru líka góð myndbönd  
sem hægt er að sjá.

Framkvæmdastjóri EUD Mark Weatley  
kynnti fyrir okkur endurskoðaðan árs-  
reikning 2014. Enn er beðið eftir pening-  
um frá EU og eru EDF og fleiri samtök að  
bíða eftir þeim en lokaskiladagur EU er í  
júní. Áætlaðir ársreikningar fyrir 2015 voru  
kynntir án athugasemda.

Petra Söderqvist, starfsmaður hjá EUD,  
kynnti fyrir fulltrúum EUD undirbúnings-  
vinnu sína við næstu bók sem stefnt er á að  
gefa út á næsta ári. Þar verður unnið með  
grein nr. 33 í SRFF.

Louise Danielsson, meðstjórnandi EUD,  
kynnti fjögur verkefni sem EUD vinnur að.  
Nexes verkefni (2015-2018), er verkefni  
þar sem unnið er að 112 í Evrópulöndum  
EU. SignTeach verkefni (2014-2015), lýkur  
við árslok á þessu ári. Þar er verið að  
vinna með táknaðskennslu í hverju landi  
en tekið skýrt fram að EUD leiðir ekki  
þetta verkefni heldur er eingöngu  
þátttakandi ásamt fleiri löndum.

Adam Kósa og Helga Stevens buðu  
öllum formönnum aðildarsamtaka í EUD  
á ráðstefnu í Brussel 11. nóvember 2015.  
Rætt verður um ósýnilega fötlun og hind-  
ranir vegna hennar og hvernig má auka vi-  
tundarvakningu varðandi Döff.

Nokkur önnur mál komu upp á borð.  
Nánari samantekt má líka sjá inn á  
[www.eud.eu](http://www.eud.eu).



# VERÐUR ÞÚ NÆSTI EVRÓPUMEISTARI Í HEPPNI?

Eurojackpot er Evrópukeppnin í heppni – stærsti lukkuleikurinn sem er í boði á Íslandi. Þar keppa 16 þjóðir um pott sem hleypur á milljörðum í hverri viku. Það er aldrei að vita hver verður næsti milljarðamæringur. Kannski verður það Massimo frá Ítalíu. Eða þú!

Fyrir 320 kall og með smá heppni gætir þú orðið Evrópumeistari í heppni.

## EUROJACKPOT®

EVRÓPUKEPPNIN Í HEPPNI

ALLA FÖSTUDAGA



ÍSLENSK GETSPÁ  
Engjavegi 6, 104 Reykjavík  
Sími 580 2500 | www.lotto.is



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

# Íslensk kona vinnur mat- reiðslukeppni

Í október á síðasta ári lenti Unnur Pétursdóttir í fyrsta sæti í matreiðslukeppni heyrnarlausra, „Deaf Chef“. Keppnin var stofnuð af Allehande í Danmörku með það að markmiði að mennta og ráða heyrnarlausra í veitingabransann.

Keppnin fór einnig fram í fyrra en þá sigraði Norðmaðurinn Christine Dahl. Að þessu sinni fór keppnin fram í hótél- og veitingaskólanum Valby í Danmörku.



Gunnar Snær  
Jónsson

Unnur hefur alltaf haft mikinn áhuga á bæði matargerð og bakstri og veit fátt skemmtilegra en að elda góðan mat og baka kökur. Hún tók matreiðslu sem valfag í Hlíðaskóla og útskrifaðist sem matreiðslumaður frá Menntaskólanum í Kópavogi um jólin 2014. Hún var á náms-samningi á Grand hótél á þessum tíma og síðar fékk hún vinnu hjá veitingastaðnum Lava í Bláa Lóninu. Hún sá auglýsingu um Deaf Chef keppnina fyrir tveimur árum þegar hún var haldin í fyrsta skipti í Danmörku og langaði hana að taka þátt í henni. Fólkið hennar sýndi henni stuðning og einnig fékk hún hvatningu frá Félagi heyrnarlausra. Hún vildi þó setja orku sína í að klára námið í Menntaskólanum í Kópavogi fyrst. Þegar hún sá að verið var að skipuleggja Deaf Chef keppni á síðasta ári langaði hana að taka þátt og lét yfirmann sinn í Bláa Lóninu vita. Það kom honum á óvart að það væri til matreiðslukeppni heyrnarlausra og sagði henni að hika ekki við að fara og hvatti hana. Þannig varð það úr að Unnur fór sem fulltrúi Íslands í keppni-  
na.

## Tveir mánuðir

Undirbúningur fyrir keppnina tók u.þ.b. tvo mánuði. Hún nýtti alla frídaga sína í undirbúning svo segja má að hún hafi ekki átt frí í tvo mánuði fyrir keppnina. Hún fékk Kolbrúnu Völkudóttur til liðs við sig sem aðstoðarmann. „Hún kom nokkrum sinnum til mín í Bláa Lónið og ég sýndi henni hvernig kokkar starfa í eldhúsinu og við tókum tímaæfingar. Hún hjálpaði aðal-

lega við að sækja hráefni, skola og skera, vigta mat, gera dill olíu og margt fleira sem ég gæti nefnt“, segir hún. Hver keppandi þurfti að útbúa þriggja rétta kvöldverð, fimm diska af hverjum rétti og einn sýningardisk í keppninni.

Hún mátti ekki koma með hráefni með sér því það er óheimilt að flytja matvæli milli landa en keppnin lagði til hráefnin fékk hún lista yfir þau hráefni sem hún varð að nota og annan lista með hráefnum sem hún gat valið úr sjálf.

## Mikil vinna í keppninni

Í matreiðslukeppninni keppti Unnur við sjö heyrnarlausra kokka frá jafnmörgum löndum; Danmörku, Svíþjóð, Englandi, Frakklandi, Spáni, Kanada og Bandaríkjunum, um titilinn Heyrnarlaus kokkur ársins 2015. Þetta voru 8 kokkar ásamt aðstoðarmanni hvers kokks, samtals 16 einstaklingar.

Fyrir keppnina undirbjó Unnur sig vel og lagði fram forrétt, aðalrétt og eftirrétt ásamt sýningardisk í keppninni. „Mesti munurinn sem ég tók eftir á hráefni var þorskurinn sem er þykkur og stór hér heima en í Danmörku er hann minni og mjórri og því auðveldara að skera hann. Sama á við með kanínukjötíð og kom það mér á óvart“, segir Unnur hlæjandi.

Hver keppandi hafði sex tíma til að undirbúa sig og bera fram diska með for-, aðal- og eftirrétti áður en tímanum lauk. Engin

þása var á meðan keppnin var í gangi. Þegar Unnur var valin sigurvegari átti hún ekki orð og ætlaði ekki trúa að hún hafi unnið. „Ég var orðlaus þegar ég var valin og það tók mig heilan dag að meðtaka að ég hafi verið valin Heyrnarlaus kokkur ársins 2015.“ segir Unnur brosandi. Hún fékk fallegan fjólubláan og bláan verðlaunagrip ásamt 500 evrum í verðlaunafé.

Unni var sagt að eftirréttur hennar hafi verið í uppáhaldi hjá öllum gestum og diskurinn kláraðist um leið og gestum var boðið að smakka

## Matseðill Unnar í keppninu

### Forréttur

Þorskrúlla með dillolíu-þorskfarsi, ostrusalati, sellerímauki, ætíþistla-teningum, skalottulauk, brenndum blaðlauk, fiskisósu og dilli.

### Aðalréttur

Kanínurúlla, langtímaelduð kanínulæri, rauðlaukssultu, sinnep, kartöflur með blaðlauksfyllingu, rauðvínssósa með svínatungu, gulrótamauk og kerfil.

### Eftirréttur

Valhnetudeig, enskt krem, epli, hunangsfrauð, valhnetumylsna, eplakúlu, karamellu og vöflu.

Ljósmynd: Eva Björk Ægisdóttir



Myndir frá Deaf Chef





# Baráttukonan

*Þegar túlksjóðurinn tæmdist á öðrum ársfjórðungi í fyrra hafði það mikil áhrif á samskipti heyrnarlausra einstaklinga og aðgang þeirra að samfélaginu. Þó sérstaklega á eina konu, Snædís Rán. Hún er daufblind og þarf því aðstoð túlks í öllum samskiptum. Túlkþjónusta hefur áhrif á hvort hún geti tjáð sig og tekið virkan þátt í lífi og starfi til jafns við aðra.*



**Gunnar Snær Jónsson**

Hún höfðaði mál gegn íslenska ríkinu því hún hafði ekki fjárhagslega burði til að greiða túlkum úr eigin vasa en hefði þó gert það ef tilneydd en kostnaður við slíka þjónustu fyrir þriggja klukkutíma fund er í kringum 50.000 krónur. Kostnaðurinn er hærrí en alla jafna því fötlunar sinnar vegna þarf hún fleiri en einn túlk. Snertitákn máls-túlkun er mun flóknari og mun einlægri en tákn málstúlkun og því fylgir starfinu meira líkamlegt og andlegt álag.

„Ég man ekki öll skiptin sem mig langaði til að taka þátt í einhverju sem ég svo fékk ekki túlka fyrir. Ég skoðaði ekki heldur marga möguleika þótt ég vissi að ég myndi auðveldlega geta fundið eitthvað spennandi námskeið eða viðburði þar sem ég vissi að ég myndi ekki fá þjónustuna nema að borga úr eigin vasa,“ segir Snædís. Í þau skipti sem Snædís var boðið í viðtal á tímanum sem hún stefndi ríkinu var það á kostnað þess sem tók viðtalið. Segir hún að það hafi skipt öllu máli að geta látið rödd sína heyra. Í stuttu máli var hún aðgerðarlaus þetta sumar. „Ég gat auðvitað verslað, eldað, verið á facebook en ekki farið að hitta fólk úti í samfélaginu,“ bætir hún við. En hún átti góðar vinkonur sem gátu aðstoðað hana ef vandamál risu og aðstoð vantaði, en Snædís vildi ekki vera háð góðverkum annarra. Henni fannst tími til kominn til að grípa til aðgerða. Málið hafði einnig áhrif á túlka sem eiga einnig rétt á

að fá greidd laun fyrir vinnu sína. „Málið er því ekki bara spurning um minn eigin rétt og þeirra sem nota túlkþjónustuna heldur einnig starfsréttindi túlka,“ segir hún.

## Óvissa um túlk í útskriftarveislu sinni

Snædís útskrifaðist í vor frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og hlaut viðurkenningu fyrir bestan árangur í íslensku og lærir nú stjórn málafræði við Háskóla Íslands. Hún segist vera viss um að námsárangur hennar hefði orðið betri, hefði hún fengið meiri túlkþjónustu. Þegar félag-slegi sjóðurinn varð tómur fékk Snædís einungis túlk í formlegar kennslustundir en utan þeirra var þjónustan engin, hvorki frímínútunum né matartímum.

Þegar engin túlkþjónusta bauðst stefndi allt í það að Snædís gæti ekki tekið þátt í sinni eigin útskriftarveislu. Hún reyndi allt og að lokum fékk hún túlk fyrir veisluna. Hún vill taka það fram að starfsfólk Samskiptamiðstöðvar hafi harmað þetta mikið og þau beittu allra ráða til að leysa málið. „Ég var nokkuð stressuð fyrir að halda veislu sem ég myndi ekki njóta sjálf og var að reyna að finna út úr vandanum en svo kom pósturinn um að túlkar kæmu, það var daginn fyrir útskriftina og kom mér á óvart,“ segir Snædís.

## Málið gegn íslenska ríkinu

Margir Íslendingar fylgdust með baráttu hennar á þessum tíma og hún var bjartsýn á að niðurstöður málsins myndu hafa áhrif á samfélagið hverjar sem þær yrðu. Þó hún kynni að tapa þá yrði almenningi málið betur ljóst og Íslendingar myndu standa með henni hvernig sem færi.

Snædís Rán situr í stjórn Fjólu, félags fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Hún komst ekki á stjórnarfund í mánuðinum vegna þess að hún fékk ekki túlk og ekki heldur á skipulagða dagskrá 27. júní, á fæðingardag Helen Keller, sem er alþjóðlegur baráttudagur fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Helen Keller var mikil baráttukona fyrir réttindum daufblindra einstaklinga og Snædís var miður sín að geta ekki notið dagsins með öðrum.

Í lok júní komst Héraðsdómur að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hafi brotið gegn Snædís þegar henni var gert að greiða fyrir túlkþjónustu úr eigin vasa, alls um 50 þúsund krónur. Ríkið braut á stjórnarskrárvörðum rétti Snædísar til lágmarksþjónustu, réttindum sem eru fjárlögum æðri og dómurinn gerði ríkinu að greiða Snædís upphæðina auk 500 þúsund króna í miskabætur vegna meingerðar ríkisins gagnvart henni.

Heiðís Dögg Eiríksdóttir, formaður Félags heyrnarlausra, sagði útskurð Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Snæðísar mikilvægan sigur í baráttu þeirra Íslendinga sem notast við íslenskt tákmal í daglegu lífi. Von hennar í kjölfarið er að hægt sé að veita túlkþjónustu allan ársins hring.

Íslendingar fögnuðu sigrinum með Snæðísi. Henni þykir gott að vita að hún naut almenns stuðnings í baráttu sinni fyrir bættri tákmalstúlkþjónustu og sá oft vitnað í málið sitt þegar fjallað var um önnur mál sem tengjast þjónustu við fatlað fólk. „Helsti boðskapur málsins var og er að réttindi eru æðri fjárlögum og mega yfirvöld vel taka sér það til fyrirmyndar,” segir hún.

#### Staðan í dag

Eftir sumarið hefur ekki komið upp nýtt fjárskortsmál en ennþá er kerfið staðlað og tekur ekki mið af þörfum einstaklinga. Af og til fær fólk ekki túlka vegna þess að enginn þeirra er laus en það hljómar í hennar eyrum eins og ástæðan sé einfaldlega fjárskortur. „Heilt kerfi breytist ekki á hálfu ári, því eins og sagt er þá gerast góðir hlutir hægt,” segir Snæðís. Hún veltir fyrir sér hver hafi ákveðið að hafa ekki fleiri túlka starfandi og að skipuleggja þjónustuna á þennan hátt og að það sé greinilegt að það hafi verið gert með hliðsjón af sparnaði en ekki til að veita nægjanlega þjónustu.

Til að bæta þjónustuna þá dreymir Snæðísi um einstaklingssniðna tákmalstúlkþjónustu þar sem hún fengi allar

upplýsingar upp á borð um það hversu mikla túlkun hún geti fengið og að þjónustan miðist við raunverulegar þarfir og óskir hennar. Þetta gæti verið framkvæmt með því að gera samning við notendur þjónustunnar um tímana sem þeir fái og þeir geti sjálfir haft áhrif á fjölda þeirra. Svo þyrfti að breyta skipulagi þjónustunnar þannig að alltaf séu túlkar til taks óháð tíma sólarhrings eða jafnvel árs.

Það fyrsta sem henni finnst að ríkið ætti að gera er að endurskoða eigin viðhorf gagnvart fólki með fötlun, hætta að hugsa um peninga eins og mælikvarða eða einhverja afsökun fyrir því að standa sig ekki en gera þess í stað meira úr því að fólk geti lífað í sjálfstæðu lífi í samræmi við eigið val og með tækifæri til jafns við ófatlað fólk. Sumum kann að þykja þetta hljóma dálítið eins og klisja eins margir hafa sagt og fáir skilið en í raun og sannleika er þetta lýsing á hugarfari. „Mér finnst gott að lýsa þessu með slagorðunum, “Hugsjónir fyrst, framkvæmd næst en peningar síðast”, enda verða engar breytingar til hins betra ef alltaf er verið að spá í kostnaðinum,” segir hún. Það næsta að hennar mati sem ríkið geti gert er að tryggja réttindi fólks með lögum og gera ráð fyrir fjölbreytileika þess, mismunandi þjónustubörfum og samskiptaleiðum. Þetta þarf að gera í samráði við hagsmunafélög fólksins sem málið snertir. Að lokum þyrfti svo alltaf að hafa samráð við réttu aðilana um mál sem þá varðar og móta þjónustuna þannig að hún

henti hverjum einstakling fyrir sig en taki ekki mið af þörfum hópa.

#### Á sama báti

Snæðís vann að heimildamynd ásamt öðrum þar sem sýnt var fram á raunverulega möguleika fólks með sérþarfir til að stunda útivist. Þó þarfir fólks séu misjafnar þá er ljóst eftir að hafa horft á myndina að til eru lausnir við nánast hvaða vandamáli sem er. Því er mikilvægt að hugsa opið og vera tilbúin að reyna áður óreynda hluti. Leitað var styrkja vegna verkefnisins í gegnum Karolina Fund og margir Íslendingar lögðu til styrktarfé svo draumurinn gæti ræst. „Það er von mín að í framtíðinni eigi eftir að verða auðveldara fyrir fólk eins og mig að ferðast þar sem meiri orku yrði eytt í að leysa vandamálin en að viðhalda þeim”, segir Snæðís. Myndin var frumsýnd á Reykjavík International Film Festival þann 24. september á síðasta ári við góðar undirtektir.

Eftir 10 ár vonast hún til að hlustað verði almennilega á fatlað fólk með skoðanir á kerfinu og þeirri þjónustu sem það fær og að ekki verði lengur talað um að fólk sé dýrt í þeirri merkingu að það sé verðlaust. Hún ætlar sér að vera dýr manneskja í þeim skilningi að vera verðmæt og telur sig alltaf hafa verið það, yfirvöld verða bara að skilja það og viðurkenna.

# Kanilsnúðar

*Þágen smásnúðar með dásamlegri kanilfyllingu eru frábærir með kaffinu, í nestisboxið, –eða bara til að nasla á þegar löngunin hellist yfir.*



# Þágen



**Þágen**  
KANILSNÚÐAR

# Framtíðin er full af möguleikum

Öllum þykir gaman að velta fyrir sér hvað framtíðin muni færa þeim af spennandi viðfangsefnum og áskorunum.

Okkar hlutverk er að auðvelda þér að leggja grunn að farsælli framtíð með traustri fjármálaráðgjöf.

Kynntu þér það sem við höfum að bjóða á arionbanki.is eða komdu við hjá okkur til að ræða þína framtíð.







Það þekkja allir döff „Mílanó 1880“, ráðstefnuna sem samþykkti að banna táknmál. Í bók sinni *When the Mind Hears frá 1989* fjallar Harlan Lane um þessa ráðstefnu og hvað hún hafði í för með sér. Lane segir (bls. 387) að þessi atburður sé sá sem hafi einn og sér hvað mest áhrif á það að menntun döff sé víða mjög léleg. Áhrif ráðstefnunnar voru víðtæk og fór raddmál stefnan eins og flóðbylgja um alla Evrópu eins og Lane orðar þar (bls. 395). Fyrir fimm árum, nánar tiltekið árið 2010, var á þessari sömu ráðstefnu beðist afsökunar á táknmálsbanninu, 130 árum eftir að það var samþykkt. Júlía G. Hreinsdóttir og Valgerður Stefánsdóttir voru staddir á þessari ráðstefnu og lýsa í viðtali í Fréttablaðinu þann 25. september 2010 hver viðbrögðin voru.

En hvaða áhrif hafði þetta bann á menningu heyrnarlausra og hvernig gættir þeirra áhrifa nú, 135 árum síðar? Um það fjalla nemendur í táknmálsfræði við Háskóla Íslands haustið 2015 í pistlum sem hér fylgja. Nemendur velta hér einnig fyrir sér hvort ástæða sé að óttast það að táknmálsbann geti endurtekið sig og að tækninýjungar geti haft þau áhrif að heyrnarlausum fækki og menning þeirra muni líða undir lok.

Rannveig Sverrisdóttir  
Lektor í táknmálsfræði  
Háskóla Íslands

# 135 árum eftir Mílanó

Hildur Björk Jónsdóttir  
táknmálsfræðinemi

Sú samþykkt að banna táknmál hafði gríðarmikil áhrif og segja má að hún hafi sett svartan blett á sögu og menningu heyrnarlausra. Táknmálið og táknmálskennsla hvarf úr skólum og raddmálsstefnan réð ríkjum.

Engin þróun varð í kennslu og menntun heyrnarlausra því þeir höfðu ekki lengur sitt tungumál og fengu ekki útskýringar á táknmáli. Þessar breytingar gerðust hratt. Sem dæmi má nefna að árið 1845 voru í Frakklandi 160 skólar fyrir heyrnarlausum þar sem allir notuðu táknmál, um aldamótin 1900 var táknmálið algjörlega horfið úr frönskum skólum. Allt miðaði að því sem var fyrirfram vonlaust, að kenna heyrnarlausum einstaklingi að tala. Táknmálsbannið hneppi heyrnarlausum á fjöttra og tók frá þeim móðurmál þeirra.

Það er ólíklegt að táknmálsbann verði tekið upp aftur ekki síst þar sem nú hefur orðið viðhorfsbreyting til minnihlutahópa og réttindi þeirra eru í dag bundin lögum.

Þessi viðhorfsbreyting er jákvæð, það er almennt viðurkennt í dag að það eru ekki allir eins. Viðhorfsbreytingin helst í hendur við þá staðreynd að núna eru í skólakerfinu einstaklingar sem áður fyrr fengu ekki tækifæri til að stunda nám. Ef þeir féllu ekki inn í kerfið fóru þeir á mis við menntun. Heyrnarlausir eru vissulega minnihlutahópur í samfélaginu sé horft á þann fjölda fólks sem telur táknmálið móðurmál sitt, en þeir eru hluti af samfélagi sem er allt öðruvísi en á tímum Mílanó samþykktarinnar.

Sumir telja að kuðungsígræðsla muni „útrýma“ heyrnarlausu fólki, eða allavega fækka þeim verulega. Döff samfélagið er ekki einsleitur hópur, en það það þarf ekki að koma á óvart ef þar eru skiptar skoðanir um kuðungsígræðslu. Það er skiljanlegt fyrir þann hóp sem hefur þurft að berjast fyrir því að fá að nota táknmál í öllum samskiptum og njóta menntunar á táknmáli.

Þegar heyrnarlaus einstaklingur fær

kuðungsígræðslu er auðvelt að halda því fram að þá falli hann sjálfkrafa í heim þeirra heyrandi. Það má færa fyrir því rök að því sé ekki þannig farið. Sá sem er heyrnarlaus fæðist ekki með eðlilega heyrn og á því tímabili sem telst máltökuskeið hjá heyrandi börnum er hann ekki að tileinka sér raddmál (a.m.k. ekki á sama hátt og barn með fulla heyrn). Það eru meiri líkur á því að þá sé hann að læra táknmál. Ég held ekki að menning heyrnarlausra hverfi, en hún gæti breyst þegar fleiri einstaklingar fara í kuðungsígræðslu og verða þá ekki lengur heyrnarlausir, en hafa samt ekki fullkomna heyrn. Með kuðungsígræðslunni tilheyr þeir þó frekar heimi þeirra sem heyra. Þó að þróunin verði sú að fleiri heyrnarlausir öðlist heyrn með því að fara í kuðungsígræðslu, tel ég mikilvægt að íslenskt táknmál fái að þróast áfram og halda þeirri sjálfsögðu virðingu sem því ber.

Anna Kristín Ólafsdóttir  
táknmálsfræðinemi

Á 19. öld var táknmál útbreitt í heiminum og fengu döff kennslu á táknmáli í skólum. Margir döff voru með verk-, iðn- eða kennaramenntun og fengu vinnu við hæfi. Viðhorf til menningar döff og táknmáls voru jákvæð og samskipti döff og heyrandi góð.

Árið 1880 var haldin ráðstefna í Mílanó á Ítalíu um kennslu döff og fengu döff kennarar ekki að taka þátt. Afdrifarík og hræðileg ákvörðun var tekin á ráðstefnu

nni, sem taldi notkun táknmáls skaðlega fyrir raddmótun og vitsmunaproska heyrnarlausra. Sú skoðun var ríkjandi meðal heyrandi að táknmál döff væri eins og apamál, þeir voru á móti því vegna þess að það þótti ljótt, gróft og óeðlilegt. Þegar táknmál er talað nota menn hendur og líkama, sem er líkara því sem dýr gera en menn. Táknmál var álitð óæðra en raddmál og töldu menn að ekki væri hægt

að tala um flókna hluti á táknmáli eins og hægt er á raddmáli. Því álitu heyrandi þá sem notuðu tákn vera þroskahefta. Í kjölfarið var tekinn upp raddmálsstefna og var döff bannað að læra og nota táknmál, allir áttu að læra að tala og lesa af vörum. Döff kennarar voru reknir úr skólum og kenndu heyrandi kennarar döff og heyrnarskertum börnum, sem í kjölfarið misstu af menntun og lifðu einangruðu lífi.

Ég get aðeins ímyndað mér hvernig lífið væri ef ráðstefnan í Milanó 1880 hefði ekki verið haldin. Ég hugsa að þá hefðu döff og heyrnarskertir átt rétt á því að læra táknmál, fengið menntun og atvinnu við hæfi, í stað þess einangraða lífs sem varð raunveruleikinn.

Vegna einangrunar Íslands voru Íslendingar seinni en aðrir að sinna mál-efnum döff. Árið 1867 var fyrst talað um fingramál og bendingamál. Ekki er vítað hvort um bendingar og einstaka tákn var að ræða eða hugsanlegt táknmál. Í kringum 1930 hóf raddmálsstefnan innreið sína og mikil áhersla var lögð á talað mál. Vegna táknmálsbannsins fengu döff og heyrnarskertir lélegri menntun en almennt gerðist. Árið 1978 gerðu döff nemendur

uppreisn og mótmæltu raddmálsstefnu og kennsluáðferðum, þeir vildu fá kennslu á táknmáli.

Árið 1980 er táknum og tali blandað saman og kallast sú stefna alhlíða boðskipti (total communication, TC). Í dag er íslensku táknmáli og íslensku gert jafn hátt undir höfði og sá sem alinn er upp við bæði er tvítyngdur. Með tilkomu fyrstu túlkanna 1986 hafa fleiri döff möguleika á menntun.

Táknmálssamfélag var mjög frjótt á lóð Vesturhlíðaskóla, en þar var elliheimili fyrir döff, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, Rauða húsið, Íþróttafélag döff og félagsmiðstöð döff.

Árið 2011 var táknmál viðurkennt sem móðurmál döff, en því miður er ekki nóg að setja lög þegar framkvæmdina vantar.

Líklega er óraddmálsstefna aftur að ryðja sér til rúms vegna þess hve fáir döff eru á Íslandi og vegna aukinna kuðungsígræðslna, því rétturinn að læra táknmál er ekki sá sami eftir ígræðsluna. Ef þekking á táknmáli tapast fækkar menntunartækifærum því fólk getur þá ekki nýtt sér túlkun.

Mikilvægt baráttumál er að fá lög sett um textun á íslensku efni í sjónvarpi og að fá túlkapjónustu. Döff og heyrnarskertir njóta ekki sömu mannréttinda og heyrandi í samfélaginu.

Í dag er barist gegn fáfræði, fordómum og að heyrn sé æðri, en spurning er hvort táknmáli verði útrýmt í framtíðinni og hvort möguleiki sé á því að táknmálsbann verði aftur sett á? Margir döff óttast að döff börn-um fækki og við það hverfi táknmálið.

## Helga Hákonardóttir nemi í táknmálsfræði og ferðamálafræði

Árið 1880 var haldin ráðstefna þar sem sett var á bann á notkun táknmáls, sem varði í 100 ár. Sökum fjarlægðar og slæmra samgangna breiddist táknmálsbannið seinna út til sumra landa. T.d. náði það ekki til Íslands fyrr en á þriðja áratug nítjándu aldar. Á meginlandi Evrópu hins vegar breiddist táknmálsbannið mjög hratt út.

Áhrif táknmálsbannsins voru gríðarleg. Börnum var haldið frá því að læra táknmál sem þýddi að mörg börn ólust upp án þess að læra nokkuð mál og þeir sem eldri voru máttu ekki lengur nota táknmálið. Því seinna sem einstaklingar læra mál, læra samskipti, því erfiðara er fyrir þessa einstaklinga að ná góðum tókum á málfræðinni þrátt fyrir að ná jafnvel góðum orðaforða. Á tímum táknmálsbannsins var lögð gríðarleg áhersla á að döff lærðu raddmál og varalestur en það varð til þess að þeir einangruðust sífellt meira þar sem það var mjög erfitt og þeir lærðu lítið annað á sama tíma.

Enn í dag gætir áhrifanna enda ekki langt síðan bannið var afnumið. Eldri kynslóðir heyrnarlausra lærðu ekki táknmál sem börn, fjölskyldur þeirra ekki heldur og gátu því ekki átt eðlileg samskipti. Í sumum fjölskyldum heyrnarlausra eru enn í dag meðlimir sem ekki hafa lært táknmál sem er miður. Menning heyrnarlausra beið mikla hnekki. Heyrnarlausir einangruðust og tilheyrðu hvorki menningu heyrnarlausra né þeirra heyrandi. Döff börn sem umgengust önnur döff börn urðu þó samheldnari og notuðu táknmál í laumi að sögn fyrrverandi

nemanda Heyrnleysingjaskólans í viðtali í Kastljósi árið 2006.

Hér á Íslandi var farið að nota táknmálið aftur í Heyrnleysingjaskólanum þegar leið á sjöunda áratuginn en veturinn 1978-79 gerðu nemendur skólans uppreisn gegn raddmálsstefnunni og mótmæltu því að nota raddmál og táknmál saman. Eftir það varð ákveðin viðhorfsbreyting í skólanum og farið var að nota táknmálið sífellt meira. Heyrnleysingjaskólinn varð að Vesturhlíðarskóla og á svæðinu byggðist upp einskonaar kjarni stofnanna sem áttu það sameiginlegt að sinna málefnum heyrnarlausra og gerði það að verkum að auðvelt var að eiga samskipti við fólk á öllum aldri. Framhaldsdeild var stofnuð við Vesturhlíðaskóla og var hlutverk hennar að veita heyrnarskertum undirbúning og aðstoð svo þeir gætu aflað sér frekari menntunar á efri skólastigum.

Táknmál hafa nú fengið viðurkenningu víða um heim sem móðurmál heyrnarlausra og eru orðin vel sýnileg. Hér á landi er farið að kenna heyrandi nemendum í Hlíðaskóla táknmál í 1.-7.bekk, og sem val á unglingsstigi, eftir að Vesturhlíðarskóli og Hlíðaskóli voru sameinaðir en þar er nú starfandi táknmálssvið. Einnig er í boði að læra táknmál á fleiri stöðum en áður, t.d. í MH og HÍ. Nemendur Hlíðaskóla kenna svo sumir hverjir fjölskyldumeðlimum sínum einhver tákni og verður það til þess að sífellt fleiri verða opnari fyrir táknmálinu og læra a.m.k.

nokkur tákni. Íslenska táknmálið var loksins viðurkennt af íslenska ríkinu 2011 sem var stórt og jákvætt skref.

Í dag virðast raddmál vera aftur að ryðja sér til rúms, að stórum hluta vegna tækninnar. Eitthvað er um að heyrnarlaus börn séu send í kuðungsígræðslu og fá þá einhverja heyrn, verða heyrnarskert. Það verður í sumum tilfellum til þess að er komið fram við þau sem alheyrandi og þau börn fá því litla sem enga táknmálskennslu. Því á táknmálið enn og aftur undir högg að sækja, heyrnarlausum fer fækkandi og óttast sumir að aftur verði sett á táknmálsbann.

Ástandið í Danmörku veldur ákveðnum ugg. Danmörk var fyrst Norðurlandanna til að taka upp táknmálskennslu, þar var fyrsti skólinn stofnaður en nú á táknmálið þar undir högg að sækja. Raddmálsstefnan virðist aftur uppá yfirborðinu, danska táknmálið hefur ekki verið viðurkennt og eru danskar fjölskyldur í auknum mæli farnar að flytja til Svíþjóðar eða Noregs svo börnin fái kennslu við hæfi. Samkvæmt deaf.dk eru nánast öll heyrnarlaus börn sem fæðast í Danmörku send í kuðungsígræðslu og heyrnarlausum kennurum hefur verið sagt upp einum af öðrum vegna minnkandi fjölda nemenda. Þrátt fyrir það hefur félag heyrnarlausra í Danmörku sterkari stöðu en nokkurn tímann áður og döff standa mun betur. Áhugavert verður að fylgjast með framtíðinni.

Frá vinstri:  
Anna Margrét Geirsdóttir,  
Sigrún Sól Vigfúsdóttir,  
Hildur Björk Jónsdóttir (fyrir aftan),  
Anna Kristín Óladóttir (fyrir framan)  
og Helga Hákonardóttir



Árið 1880 var ráðstefna í Milanó, þar sem því var haldið fram að táknmál hindraði máltöku barna og í kjölfar þess fylgdi táknmálsbann sem stóð í 100 ár. Í staðinn fyrir táknmálskennslu var tekin upp raddmálsstefna sem einblíndi á varalestur og talkennslu. Afleiðingar táknmálsbannsins voru þær að heyrnarlaust fólk gat einfaldlega ekki tjáð sig og afleiðing þess var að það fékk enga almennilega menntun. Í raun má segja að táknmálsbannið hafi verið skortur á mannréttindum.

Í Heyrnleysingjaskólanum á tímum táknmálsbannsins tíðkaðist það að eldri nemendur kenndu þeim yngri að tákna

og tjá sig á táknmáli. Einnig lærðu börnin allskonar döff sögur og brandara. Þrátt fyrir bannið notuðu nemendurnir táknmál í laumi þar sem kennarar og aðrir heyrandi sáu ekki til. Hægt var að sjá menningu heyrnarlausra myndast í Heyrnleysingjaskólanum, bæði í klúbbum og innan skólans. Táknmálsbannið er mjög stór partur af menningu döff og mun alltaf vera það. Táknmálsbannið kenndi döff að berjast fyrir sínum réttindum og hafa þau gert það og gera enn. Döff hafa áorkað mjög miklu m.a að fá táknmál viðurkennt sem móðurmál. Að vera döff er að vera stoltur af sinni sögu og sínu móðurmáli og

að berjast fyrir réttindum þess og að vera hluti af þessari fjölskyldu sem menning döff er orðin.

Á sínum tíma var talið að bannið væri skref í rétta átt þegar kom að menntun heyrnarlausra, en svo kom í ljós að það var frekar skref í ranga átt. Kennslustefnan sem notuð er núna kallast tvítyngisstefnan. Samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskólanna eru íslenskt táknmál og íslenska jafnréttá máll í kennslu.

Jafnvel þó þessi menningarheimur sé ungur hér á landi er hann samt svo stór og stoltur og hefur allan rétt á að vera það.

Anna Margrét Geirsdóttir  
táknmálsfræðinemi

Í september árið 1880, í Milanó, var haldin ráðstefna kennara heyrnarlausra, þar voru teknar afdrifaríkar ákvaðanir sem höfðu gríðarleg áhrif á menntun og menningu heyrnarlausra og hafa enn allt til dagsins í dag. Á þessari ráðstefnu hittust þeir aðilar sem komu að menntun heyrnarlausra einstaklinga allst staðar að úr heiminum til þess að ræða þær kennsluáferðir sem myndu koma sér best. Á þessari ráðstefnu var þó einn gríðarstór galli, heyrnarlausum kennurum var meinaður aðgangur, einungis heyrandi kennarar heyrnarlausra áttu rétt á að sitja ráðstefnuna. Á ráðstefnunni var samþykkt að hin svokallaða raddmálsstefna væri betri kennsluáferð og um það var kosið og táknmál bannað í kennslu.

Áhrifin sem þetta hafði á samfélag, menntun og almennt séð á líf heyrnarlausra voru gríðarleg. Þegar táknmálsstefnan var við lýði var námið á forsendum þeirra heyrnarlausu. Þeir fengu kennslu á sínu móðurmáli og markmiðið var að miðla

þekkingu til þeirra og gefa þeim tækifæri á að taka þátt í samfélaginu á sama hátt og heyrandi. Fyrirmyndir þeirra voru döff kennarar, menntaðir menn sem veittu þeim innblástur til að trúna að þau gætu gert allt. Maður getur hugsað sér að döff hafi loksins fengið það á tilfinninguna að það sem þau hefðu til málanna að leggja skipti máli og væri jafn gott og gilt því sem heyrandi hefðu fram að færa.

En þegar kom að raddmálsstefnunni var aðalatriðið að kenna heyrnarlausum að tala og lesa af vörum. Í þetta fóru óteljandi kennslustundir og skólalanga þessara einstaklinga einkenndist af þrotlausum æfingum í að finna út nákvæmlega hvernig ætti að beita röddinni sem þeir heyrdðu ekki sjálfir í rétt til að búa til hljóð sem þeir heyrdðu ekki og lesa af vörum til að skilja og geta átt samskipti.

Vandamálið var að ekkert af þessu tók mið af þörfum heyrnarlausra, allt þetta miðaði út frá því að við mannkynið höfum óbilandi þörf fyrir að normalisera allt og

hafa alla eins og laga alla „galla“ sem við sjáum. Ef einhver er öðruvísi þá horfum við því miður sjaldan í okkar eigin barm og hugsum „hvað get ég lært af þessari manneskju“ heldur hugsum við „hvað þarf ég að gera til að geta sett þessa manneskju inn í kassann sem ég vil hafa hana í“.

Ef maður skoðar sögu döff þá er það eins og í öðrum köflum mannskynssögunnar, þar eru sifelldar endurtekningar, því er rökrétt að hugsa og óttast að kannski komi aftur táknmálsbann og þekking á málefnun döff fari minnkandi. Hvað varðar endurkomu táknmálsbanns og raddmálsstefnu er það eitthvað sem maður vonast auðvitað til að verði aldrei að veruleika en það er ekki nóg að vona, við verðum að leggja okkar af mörkum til að sporna við þekkingarleysi og fordómum. Maðurinn er gleyminn með eindæmum og lærir því miður lítið af sögunni og það verður því alltaf barátta að fræða þá sem eru fáfróðir og þannig berjast gegn fordómum. Það er þó verðugt eilífðarverkefni.

# Alþjóðleg tattoo samkoma

International Deaf Tattoo Convention (IDTC) er alþjóðleg tattoo samkoma sem haldin var í þriðja sinn þann 1. - 3. október 2015 í Varsjá í Póllandi. Fyrst var hún í Berlín 2013 og svo í London 2014.

Björn Blumeier, kallaður Bobi, frá Berlín í Þýskalandi er döff maður sem fékk hugmyndina frá öðrum ungum döff manni. Hann ákvað að skipuleggja samkomu fyrir alla döff tattoo listamenn og aðdáendur allsstaðar að úr heiminum. Hann stofnaði einnig heimasíðuna: <http://www.deaf-tattoo.com>

Við vorum 6 döff Íslendingar sem fórum saman til Varsjá á samkomuna, Ana Rita, Hanna Kristín, Hilmar, Hulda, Jóel og Sindri. Það voru u.þ.b 13 döff tattoo listamenn



Hanna Kristín  
Jónsdóttir

sem komu á samkomuna og töfðu fram margskonar listaverk á líkama fólks. Þeir voru frá Japan, Taiwan, Póllandi, Írlandi, Spáni, USA, Þýskalandi, Ungverjalandi, Ítalíu og Slóvakíu.

Við Íslendingarnir nýttum vel tímann í að versla, skoða borgina, hitta fólk sem við þekktum, kynnst nýju döff fólki og nutum þess í botn að vera í Varsjá. Borgin kom okkur á óvart en hún hefur upp á margt að bjóða, ódýrt að borða og versla. Á laugardagskvöldið var lokahóf á stórum skemmtistað á 6. hæð í verslunar-



miðstöðinni Blue City Mall. Döff tattoo listamenn fengu viðurkenningu fyrir bestu listaverkin í svörtu eða litum. Svo voru líka döff einstaklingar kosnir sem maður/kona ársins með bestu líkamslistaverkin í svörtu eða litum.

Næsta samkoma verður í Andalucia á Spáni á þessu ári, 2016. Svo í Berlín 2017 og í Amsterdam 2018. Hægt er að fylgjast með Deaf Tattoo Worldwide á facebook til að fá upplýsingar um samkomur á næstu árin.



# Alein og yfirgefin í ókunnu húsi fjarri heimahögum



Gunnar Salvarsson

*Stúlka á áttunda ári fer einn haustdag í langferð með móður sinni frá Önundarfirði suður til Reykjavíkur án þess að vita hvert ferðinni er heitið. Litla stúlkan er skilin eftir og upplifir sig eina og yfirgefna í stóru húsi með ókunnu fólki. Húsið er Málleysingjaskólinn og stúlkan er Hervör Guðjónsdóttir fyrrverandi formaður Félags heyrnarlausra sem rifjar upp minningar bernskunnar, bæði sárar og ljúfar.*

Gamli torfbærinn í botni Önundarfjarðar kúrði í næturhúminu undir fjallinu Hesti. Grös voru tekin að sölna, haustvindar blésu og það ýrði úr dimmum skýjum sem sást móta fyrir á bólsvörtum himni. Nýi bílvegurinn yfir fjallið til Ísafjarðar var þegar orðinn ófær vegna snjóá. Hæsti fjallvegur Íslands. Þó var ekki liðin vika af október. Árið er 1938. Mjólkurbáturinn Fagranes lá við bryggjuna á Flateyri.

Í dagrenningu var fullorðna fólkið á Hesti komið á stjá. Guðjón bóndi sótti klárinn og spennti hann fyrir hestvagninn heima á hlaði, sótti reiðtygi og gaf á garðann. Ærnar voru komnar á hús. Sveinfríður hús-freyja hafði læðst út úr hjónaherberginu innst á baðstofuloftinu framhjá sofandi börnunum og undirbjó morgunverkin, mjaltir og morgunverð. Viðhafnarfötin hafði hún tekið til deginum áður.

Hún var kvíðin. Leit oft út um gluggann og horfði út fjörðinn. Ferðalagið lagðist ekki vel í hana. Erfitt að skilja við stúlkuna og afhenda hana vandalausum suður í Reykjavík fjarri heimahögnum. Stúlkan var einstaklega bráðger, dugleg að hjálpa til við heimilisstörfin og bústörfin, búin að ná þó nokkuð góðum tókum á saumaskap, hekli og þrjóni þótt hún væri aðeins á áttunda ári. Og hún var iðin við að hjálpa til við bakstur og þvotta, fór ófáar ferðir niður að Korpuá með heimilisþvottinn, þar sem ævinlega stóð hlóðapottur á klöpp við ána fyrir bæina undir fjallinu. Verst að geta ekki útskýrt fyrir henni hvað var í vændum. Bendingar dugðu skammt þegar mikilvægum upplýsingum þurfti að miðla. Sveinfríður rifjaði upp í huganum fyrri sjóferð telpunnar. Þá hafði pabbi hennar farið með hana þriggja ára suður til læknis eftir að þau hjónin tóku eftir því að hún leit ekki við þegar á hana var yrt. Jafnvel ekki þótt þau hækkuðu róminn. Læknirinn fyrir sunnan staðfesti heyrnarleysið.

## Af hverju heyrðu börnin ekki?

Sveinfríður leit til Brynhildar litlu sem svaf í hjónaherberginu, stúlkan á öðru ári, veikburða og þreklítill. Hún fór síðan inn í baðstofuna og settist á rúmstokk sunnanmegin, horfði á Hervöru sofandi við hlið

Maríu systur sinnar sem var árinu yngri. Í næsta rúmi voru aðrar tvær dætur, Helga og Svava, fimm ára og fjögurra ára, og í rúmi við norðurgafllinn strákarnir tveir, sá elsti, Þorvarður, níu ára, og sá yngsti, Hafsteinn, þriggja ára frá því í sumar. Litli drengurinn var líka heyrnarlaus eins og Hervör. Af hverju heyrðu börnin ekki? Þau höfðu ekki fengið nein svör hjá læknum en skólastjórinn í sveitaskólanum hafði sagt að þau yrði að fara með stúlkuna suður til náms. Til Reykjavíkur. Þar væri skóli fyrir mállaus börn og heimavist. Hann hafði fengið pappíra að sunnan með lögum frá 1922 um kennslu heyrnar- og málleysingja. Þar kæmi fram að skólaskylda væri níu ár og hæfist við átta ára aldur.

Hún leit yfir börnin sem sváfu vært. Það var tekið að birta af degi. Hugurinn var á flögri, gleði og depurð tókust á þegar hún hugsaði til allra barnanna. Í hjarta sínu var hún hamingjusöm yfir þessum hraustu börnunum sem voru komin yfir erfiðasta hjallann í lífinu, nema Brynhildur, en henni var líka hugsað til barnanna sem þau Guðjón höfðu misst og þá hvolfdist myrkur yfir hugann. Síðast höfðu þau rétt fyrir jólin í fyrra lagt til hinstu hvílu tveggja mánaða stúlkubarn. Hún hafði ekki einu sinni verið komin með nafn. Þeir höfðu líka dáðið allir þrír elstu drengirnir, Sigurður Hlöðver, sem dó fimm mánaða í ársbyrjun 1926, drengurinn sem fæddist þá um sumarið og lifði aðeins í fáeina daga, og Sveinbjörn Guðjón sem dó þriggja mánaða haustið 1928.

Síðan voru liðin tíu ár. Sveinfríður hlustaði eftir heitum andardrætti barnanna í svefninum. Úti heyrði hún Guðjón bjástra við að undirbúa ferðina á Jarpi út á Flateyri. Hún stóð upp og vakti Þorvarð. Hann þurfti að fara í skólann sem var við túnfót bæjarins. Svo beygði hún sig niður að Hervöru, kyssti hana á kinnina. Stúlkan opnaði augun og las út úr bendingu móður sinnar að hún ætti að fara á fætur og koma niður.

„Ég man ekki mikið eftir þessu degi heima á Hesti,“ segir Hervör. „Sjálfsagt hef ég verið hissa á því að vera klædd í betri fötin og fara með foreldrum mínum á Jarpi út á Flateyri án þess að vita hvert ferðinni

væri heitið. Skelfingin greip mig ekki fyrr en ég var kominn suður.“

Hervör segist muna eftir að fjölskyldan hafi verið fátæk en samt hafi farið vel um þau í litla torfbænum. „Ég minnst þess ekki að ég hafi gert mér grein fyrir því að ég væri eitthvað öðruvísi en systkini mín. Sjálf-sagt hef ég undrast af hverju þau hreyfðu svona mikið varirnar og líkast til hef ég reynt að herma eftir þeim. En ég man ekki eftir neinu nema ástuð og mikilli vinnu. Það reyndu allir að hjálpast að.“

Þær mæðgur settust upp í hestakerruna í morgunskímumni og Guðjón bóndi fór á bak Jarpi. Meðferðis var lítil og lúin ferðataska og mjólkurbrúsi. Þótt stúlkan hefði ekki hugmynd um það hvert ferðinni væri heitið fannst henni spennandi að sitja í vagninum í betri fötinum. Ferðalagið út á Flateyri tók innan við hálf tíma. Þau fóru niður að bryggjunni. Sveinfríður tók í hönd stúlkunnar og leiddi hana um borð í Fagranes. Guðjón tók tali bændur sem voru að koma með mjólkurbrúsa um borð í bátinn. Þótt hann væri einungis með þrjár kýr í fjósi gat hann engu að síður selt dálítið af mjólk til Ísafjarðar. Á bryggjunni var líka Kjartan mágur hans sem hafði verið vinnu-máður hjá þeim á Hesti en var nú sestur að á Flateyri.

## Ferðin suður

Á hrollköldum haustmorgni sigldi Fagranesið frá Flateyri. Hervör veifaði til pabba síns og frænda. Það hafði lygnt og báturinn risti mjúkklega öldurnar. Mæðgurnar vöfðu utan um sig tepparæskni þar sem þær sátu á hörðum bekk í stýrishúsinu. Önnur hlustaði á eintóna hávært vélarhljóðið en hin heyrði ekkert. Horfði til himins og taldi fugla sem flögruðu hjá. Þegar komið var fyrir Sauðanes hvessti aðeins en lægði aftur þegar Fagranesið var komið í skjól undir Stigahlíð. Sveinfríður var fól á vanga þegar þær mæðgur stigu á land á Ísafirði. Þær áttu vísa næturgistingu hjá vinafólki í bænum.

vinafólk og Hervöru þótti skemmtilegt að fara á milli húsa og fá sætabrauð og kruður. Eftir hádegið fóru þær í bæinn, gengu um Hafnarstræti og Silfurtorg. Hervör horfði hissa á öll stóru húsin, sum þeirra þrjár hæðir og ris, bílana sem brunuðu um hol-óttar göturnar, ekki síst vörubílana þar sem menn stóðu uppi á pallinum, en þarna voru líka karlar með hestakerrur og fólk á reið-hjólum. Upp úr hálf fjögur voru þær komnar á skipsfjöl með ferðatöskuna. Þær komu sér fyrir í káetu neðan þilja. Esja lagði úr höfn klukkan fjögur. Framundan var tveggja daga volk á úfnu hafi. Sveinfríður lagðist fyrir. Henni leið illa á sjó.

Hervör minnst þess á sjóferðinni að mamma hennar þurfti oft að fara upp á dekk. Hljóp út úr káetunni og upp stigann. Hervör elti hana eitt sinn. Hún sá móður sína standa við borðstokkinn og gubba. Hún var föl af ógleði. Hvítfýssandi hafði barði skipið að utan og það veltist í öld-unum. Sveinfríður benti Hervöru á mat-salinn og gaf henni til kynna með bending-um að hún þyrfti að fá sér eitthvað í svanginn. Sjálf hristi hún höfuðið. Hún hafði enga matarlyst. Lagðist aftur fyrir í vanlíðan.

Þær mæðgur gengu rակleitt frá skipsfjö-lyfir á Lækjartorg, upp Laugaveginna að Hlemmi. Skammt þar fyrir austan stað-næmdust þær fyrir utan þriggja hæða timburhús með skápaki, Stakkholt 3, og Sveinfríður barði að dyrum. Miðaldra lágvaxin kona kom til dyra og kynnti sig: Margrét Bjarnadóttir Rasmus. Hervör tók strax eftir barnaskaranum að baki henni, mörg forvitin andlit og margar hendur á lofti, margar bendingar og tákn. En hún starði líka á hin börnin sem voru öðruvísi og undarleg í háttum. Frú Rasmus vísaði þeim upp á efstu hæðina undir súð þar sem voru mörg rúm. Þetta var heima-vist stelpnanna. Hervör fylgdist með móður sinni og konunni ræða saman án þess að átta sig á samtalinu. Hervör horfði út um gluggann á uppljómuð stræti höfuðborgar-innar, horfði út um vesturgluggann niður Laugaveginna og til norðurs á sérkenni-legt stórt hvítt hús með tvær burstir sem hún síðar fékk að vita að væri gasstöð. Undraveröld í augum stúlkunnar.

Allt í einu stóð Sveinfríður upp, faðmaði dóttur sína, horfði eitt augnablik í augu hennar og kyssti hana á kinnina. Hervör

gráta. Í minningunni grét hún nánast sam-fellt næstu dagana. Smám saman áttaði hún sig á því að í þessu húsi átti hún að eiga heima. Hjarta hennar var yfirfullt af söknuði eftir foreldrum og systkinum. Jafnvel þótt hún gleddist yfir því að kynna-ast öðrum heyrnarlausum börnum og læra mörg ný tákn á hverjum degi og upplifa í fyrsta sinn á ævinni auðveld samskipti við aðrar manneskjur var söknuðurinn öðrum tilfinningum sterkari. Hún grét.

Krakkarnir stríddu henni. Alltaf skælandi, sögðu þau. Henni var gefið nafnatákn þar sem fingri er strokið undir augun. „Það táknar bauga,” segir Hervör. „Ég var grát-gjörn fyrstu dagana og vikurnar í skóla-num og var alltaf með bauga undir augum sem urðu sérkenni mitt og þar með nafna-táknið. Það hefur fylgt mér alla ævi, ég hef aldrei amast við því, þótt ég hafi alla tíð verði mjög glaðlynd. En ég saknaði móður minnar og föður, systkina minna og dagle-ga amstursins fyrir vestan. Þar átti ég hei-ma. Í Reykjavík var ég bara umkomulaus, ein og yfirgefin.”

Smám saman lærðist Hervöru að lifa við



*Torfbærinn Hestur kenndur við samnefnt fjall í Önundarfirði þar sem Hervör fæddist árið 1931.*



*Nemendur Málleysingjaskólans á sleðum á skólalóðinni við Stakkholt.*

Þetta var engin skemmtisigling. Hervör fór í rannsóknarleiðangra um skipið milli þess sem hún svaf eða sat hjá veikri móður sinni. Hún fann ekki fyrir sjóveiki. Hún minnst þess ekki að hafa velt því fyrir sér hvert þær væru að fara, líkast til hélt hún einfaldlega að þær væru að heimsækja einhvern ættingja. Og snúa síðan heim aftur. Um borð voru þó nokkuð margir farþegar en flestir fullorðnir, fá börn. Ekkert á hennar aldri. Tíminn leið löturhægt.

Loks sigldi strandferðaskipið inn í höfnina í Reykjavík. Ljósín í bænum lýstu upp síð-degisrökkrið og Hervör horfði hugfangin á ljósadýrðina. Höfuðborgin var henni nýr heimur, stór og framandi. Hún stóð á þil-farinu þegar Esja lagðist að bryggju, togaði í móður sína og benti stórum augum á allt það nýstárlega sem fyrir augu þar, meðal annars kolakranann sem gnæfði yfir hafnarsvæðinu. Sveinfríður var veikluleg eftir sjóferðina, aðeins reikul í sporí þegar hún gekk niður landganginn með tápmikla dóttur sína sem var full eftirvæntingar og glaðlynd að eðlisfari.

horfði á eftir móður sinni hverfa á braut. Margrét sýndi henni tákn sem hún skildi þannig að hún ætti að bíða. Hún fór aftur út að glugganum og horfði á móður sína ganga burt frá húsinu. Stúlkann veifaði en Sveinfríður leit ekki til baka. Eftir því sem hún fjarlægðist húsið varð hún minni og minni uns hún hvarf algerlega. „Ég varð líka minni og minni eftir því sem ég áttaði mig á því að ég var alein og yfirgefin. Mamma var farin. Hvað átti ég að gera hér? Hvenær kæmi hún að sækja mig? Ég skynjaði einhvern veginn strax að mamma myndi ekki snúa við eftir stutta stund og sækja mig. Sú tilfinning læsti sig í mig að það væri búíð að gefa mig?”

Hervör rifjar upp að hún hafi í örvæntingu og vonleysi lagst á rúmið við hliðina á ferðatöskunni. Óttinn náði yfirhöndinni. Tárin streymdu niður kinnarnar. Hún var ein.

#### Söknuður og baugatákn

Þegar Margrét Rasmus leit inn til hennar skömmu síðar var stúlkann óhuggandi. Hún neitaði að horfa á skólalóðina, faldi andlitíð í höndum sér og lét eftir sér að

aðstæðurnar í skóla heyrnarlausra, Mál-leysingjaskólanum, en nemendurnir voru á þessum árum milli tuttugu og þrjátíu talsins. En sátt var hún ekki. Mörg kvöld flóðu augun í tárur og koddinn varð rennblautur. Myndir af bæjarlífinu heima á Hesti runnu gegnum hugann eins og kvikmynd og kölluðu fram ljúfsárar minningar. Myndi Brynhildur litla lifa? Hvað voru María og Helga og Svava að bralla? Svo hljóðnaði gráturinn og svefninn náði yfirhöndinni. „Ég ákvað mjög fljótt að vera sterk, aldrei gefast upp,” segir hún. „Það var eins og einhver innri rödd minnti mig á það á hverjum morgni að ég yrði að vera sterk. Að ég væri ein. Þess vegna yrði ég að vera sterk og stolt. Ég ætlaði ekki að láta neinn vorkenna mér. En ég neita því ekki að fyrsti veturinn í skólanum var mér erfiður. Erfið-asti tími lífs míns.”

#### Eftirlæti kennara

Hervör varð snemma eftirlæti kennara skólans. Hún átti auðvelt með nám, var natin og umhyggjusöm gagnvart yngri nemendum, hjálpsöm og vinamörg meðal heyrnarlausu barnanna. En hún fann frá fyrsta degi að hún átti ekki sam-

leið með þeim þroskaheftu en á þessum árum var Málleysingjaskólinn bæði fyrir börn með þroskahömlun og alvarlega heyrnarskerðingu. Skólasvæðið var girt af og börn úr nágrenninu stóðu oft utan girðingar og híuðu á nemendur skólans. Hervör minnst þess að hún hafi upplifað það sem lítilsvirðingu. „Krakkarnir í hverfinu sögðu að við værum vitlaus. Ég skildi bendingarnar. Það fór ekkert milli mála. Þegar við fórum út fyrir skólann, gengum til dæmis niður Laugavegin, upplifði ég að fólk starði á mig og gerði ljótar bendingar. Mér fannst ég sett í flokk sem ég átti ekki skilið að vera sett í. Ég var ekki vitlaus.”

Hervör segir að skilningur á þörfum heyrnarlausra barna hafi verið af skornum skammti sem best sýndi sig í því að blanda saman heyrnarlausum og vitsljóum börnum eins og þau voru skilgreind í lögum. „Í augum margra vorum við öll vitsljó. Þeir sem gátu ekki talað gátu ekki verið greindir. Þeir gátu ekki hugsað. Þeir hlutu að vera vitlausir. Svona hugsuðu örugglega margir og nafnið á skólanum, Málleysingjaskólinn, bætti ekki stöðu okkur. Ég man hvað mér sveið undan þessu viðhorfi

Hervör kom til Reykjavíkur sagði Margrét Rasmus við Hervöru að mamma hennar hefði hringt úr sveitinni. Brynhildur litla var dái. Hún dó 3. október 1939. Hervör tók það nærri sér, brotnaði saman og grét. Hún uppskar stríðni og skens frá krökkunum fyrir tilfinningasemina. „Ég lærði að fela tárin,” segir Hervör þegar hún minnist óhamingjusömu stundanna sem hún upplifði í skólanum. En það bárust líka gleðifrétir úr Öndarfirði. Sumarið 1940 fæddist hjónunum á Hesti piltbarn, þá voru þau flutt úr torfbænum yfir í nýtt lítið steinhús, og drengurinn var hraustur. Hann var skírður Sveinbjörn Guðjón.

Fátæktarbasl einkenndi lífið á Hesti á þessum árum. Börnin voru mörg, frú Sveinfríður ýmist barnshafandi eða nýbúin að fæða. Því voru margir munar að metta og efnahagurinn bágur. Til lítils að tala um að fá Hervöru litlu heim um jól eða páska. Hervör segist samt eiga góðar minningar frá jólum en yfir hátíðir dvaldi hún á heimili Ágústu föðursystur sinnar á Bergþórugötunni í Reykjavík. „En þegar farið er að ræða jólagjafir fæ ég kökk í hálsinn. Ég fékk aldrei jólapakka frá mömmu og pabba,”

Hún hafði fengið nýtt mikilvægt hlutverk. Einskona móðurhlutverk. Í raun má segja að þau hafi allan tímann í skólanum verið hvort öðru stoð og stytta. Í augum stúlkunnar fékk lífið nýjan tilgang. Rúmlega tíu ára vakti hún yfir velferð bróður síns, ábyrgðarfull og umhyggjusöm, í hlutverki litlu móðurinnar. Það fór henni vel.

Þetta sama haust fékk Hervör líka nýjan kennara, Brand Jónsson. Hann hafði þá nýlega lokið talkennaraprófi í Danmörku og innleiddi nýjungar í kennslumálum. Hann lagði áherslu á talþjálfun og varaaflestur í staðinn fyrir munn- og handkerfið sem Margrét Rasmus hafði notað frá árinu 1922. Í þeirri kennsluáferð voru notuð tákni til stuðnings við hljóðin sem voru illgreinileg af vörum.

Sumarið 1942 gerðust atburðir suður í Reykjavík sem áttu síðar eftir að hafa mikil áhrif á líf stúlkunnar. Þá gaf ungur piltur sig á tal við fullorðinn tæplega fimmtugan heyrnarlausan mann í sandnámi inn við Elliðaár. Þar voru sandgryfjur miklar og bæjarbílar á þönum að sækja ofaníburð í holóttar götur höfuðborgarinnar. Ungi



langt fram eftir aldri, að vera álitin greindarskert, því ég vissi sjálf miklu betur!”

Dagar, vikur og mánuðir liðu. Hervör varð sjálfstæðari og öruggari, sjálfsmyndin styrktist smám saman, hún fékk stöðugt klapp á bakið fyrir árangur í námi, hvað hún var einkar lagin í höndunum og síðast en ekki síst hversu næm hún var á tilfinningar annarra. Ef einhver átti bágt var Hervör á augabragði komin með útbreiddan hlýjan faðminn. Tilgangslaust að reyna að leyna angist, hún las sálarástandið eins og opna bók. En það voru hefðbundnu bækurnar sem var erfiðara að lesa. „Mig langaði svo mikið til að læra meira og meira, þekja fleiri orð og lesa allar þessar bækur. En það var ekki í boði. Ég var hins vegar dugleg að læra að lesa af vörum og læra að tala með minni eigin rödd.”

**Hafsteinn kemur í skólann**

Af og til bárust fréttir frá Hesti. Foreldrar stúlkunnar hringdu í skólann og báðu fyrir kveðju, sérstaklega þegar eitthvað bar til tíðinda á heimilinu. Stundum voru það góðar fréttir, stundum vondar. Ári eftir að

segir hún en bætir við að Kjartan móðurbróðir hennar hafi hins vegar oft sent sér jólagjafir. „Þegar ég kom í skólann skrökvaði ég því að krökkunum að ég hefði fengið fínar gjafir frá foreldrum mínum. Þau vissi að ég kom frá fátæku heimili þar sem börnin voru mörg og stríddu mér á fátæktinni. Ég gat ekki fengið mig til þess að segja þeim að ég hefði ekkert fengið frá pabba og mömmu.”

Haustið 1941 birtist Sveinfríður frá Hesti einn góðan veðurdag á skólalóðinni. Hún leiddi lítinn stóreygðan hæglátan dreng sér við hönd. Hervör tók þeim fagnandi, hljóp í fangið á móður sinni og faðmaði síðan bróður sinn. Hann var þá rétt rúmlega sex ára. Hún hafði oft hugleitt með sjálfri sér að þessi dagur myndi renna upp. Dagurinn sem Hafsteinn kæmi í skólann. Hún vissi af litla heyrnarlosa bróðurnum fyrir vestan og vonaði heitt og innilega að hann myndi einhvern daginn koma til hennar. Sveinfríður staldraði við stutta stund í höfuðstaðnum en Hafsteinn fékk rúmstæði í kjallara skólans ásamt öðrum strákum. Hervör vék varla frá honum fyrstu dagana.

maðurinn var nýfermur og hafði veitt því athygli að sá heyrnarlaus var látinn afskiptalaus, hafður útundan. Ég heiti Guðmundur Egilsson, sagði ungi pilturinn og hreyfði varirnar hægt. Sá heyrnarlaus stafaði nafnið. G-U-Ð-M-U-N-D-U-R E-G-I-L-S-S-O-N. Eitt tákni fyrir hvern staf. Svo stafaði hann nafnið sitt. Guðmundur náði fáeinum táknum. Eftir skamman tíma hafði hann náð að skilja öll tákni. Sæll, Markús Loftsson, sagði Guðmundur og tók í höndina á honum. Eftir þessi fyrstu kynni hittust þeir oft í matar- og kaffihléum. Markús kenndi Guðmundi allt fingrastafrófið og þeir ræddu saman um landsins gagn og nauðsynjar, eins og sagt er. Markús var afar þakklátur unga piltinum fyrir að sýna sér þessa ræktarsemi og launaði honum með því að koma með kaffibrauð og auka matarbita að heiman fyrir þennan nýja vin sinn. Þessi kunnátta í fingrastafrófinu átti eftir að koma sér vel.

Haustið 1942 gekk mislingafaraldur í Reykjavík og mörg börn í Málleysingjaskólanum urðu veik. Þá missti Hervör eina bestu vinkonu sína, skólasystrur,

Nönnu mállausu eins og hún var kölluð. Guðrún Jóhannsdóttir var ein þeirra sem veiktist og mislingarnir lögðust þungt á hana. Hún var tveimur árum eldri en Hervör og hefði átt að fermast um vorið. Hún andaðist í byrjun aðventunnar. Jón Pálmason á Þingeyrum sótti líkið. Nanna var fósturdóttir hans og Huldu Stefánsdóttur skólastjóra Húsmæðraskólans. Hervör hafði misst yndislega vinkonu og var lengi vansæl með tár á hvarmi. Hvorki hún né Hafsteinn veiktust. Þau höfðu líkast til bæði fengið mislinga á barnsaldri fyrir vestan.

Á þessum árum voru hugmyndir Brands Jónssonar í menntamálum heyrnarlausra að riðja sér til rúms. Hann skrifaði árlega greinar í tímaritið Menntamál um heyrnarlausu jafnframt því sem hann kenndi við Málleysingjaskólann og starfaði á Fræðslumálaskrifstofunni í Reykjavík. Eitt af baráttumálum hans var að vísa þroskaheftum nemendum Málleysingjaskólans úr skólanum og gera hann að sérskóla eingöngu fyrir heyrnarlaus og alvarlega heyrnarskert börn. Jafnframt vildi hann breyta nafni skólans og fá því framgengt

er álitin heyrnarlaus frá fæðingu, er hraust, stór og vel gefin andlega og líkamlega. Hún er dugleg til náms og allra verka. Hún á heyrnarlausan bróður. Ekkert að athuga við hlustun.”

### Ferming í Dómkirkjunni

Fermingardagurinn vorið 1945 markaðist bæði gleði og vonbrigðum. Hervör fermdist 29. apríl og fermingarmessunni í Dómkirkjunni klukkan ellefu var útvarpað. Prestur var séra Garðar Svavarsson sem hafði kennt Hervöru fermingarkverið fyrr um veturinn og hún var eina fermingarbarnið, klædd í hvítan kjól sauðmaðan úr hveitipokum. Brandur skólastjóri og Rósa eiginkona hans sátu í kirkjunni. Heima á Hesti sátu foreldrarinn við útvarpstækið og hlustuðu á messuna því þau áttu ekki heimangengt suður til að vera viðstödd þennan merkisatburð í lífi dóttur sinnar. Tveimur dögum áður fæddist sonur á Hesti. Guðjón hafði ætlað að vera viðstaddur en barnið fæddist fyrir tímamót og hann varð að hætta við ferðina. Fermingarveislan var haldin í skólanum og Brandur skólastjóri hvatti Hervöru til að bjóða ættingjum. Ágústa föðursystir hennar kom í veisluna

eftirlæti kennara og skólastjóra Heyrnleysingjaskólans eins og hann var nefndur næstu áratugin. Hún var „dugleg til náms og allra verka” eins og sagði í fyrrnefndri skýrslu, brennandi af áhuga fyrir námi og bæði rösk og natin við yngri nemendur. Heyrnleysið var hins vegar þröskuldur á menntabrautinni og eftir skólaskylduna við sextán ára aldur var ekkert framhaldsnámi í boði. Hún var svipt þeim tækifærum og þótti súrt í broti en Brandur skólastjóri bauð Hervöru vinnu sem starfsstúlku við skólann. Hún fékk dagvinnulaun en svaf með nemendum í risinu í Stakkholi þar sem stelpur sváfu öðru megin og strákar hinu megin. „Brandur treysti mér til að túlka fyrir nemendur og sinna þörfum þeirra þótt ég heyrði ekki til þeirra á nóttunni,” sagði Hervör einhverju sinni í viðtali og bætti við að næturvaktirnar hefðu verið kauplausar. Henni var ennfremur falið sú mikla ábyrgð fimmtán ára að aldri að túlka í viðkvæmum dómsmálum þar sem heyrnarlausir komu við sögu sem segir allt um það traust sem til hennar var borið.

*Framhald á næstu blaði*



3



4



5

að hann fengi nafnið Heyrnleysingjaskólinn. Þegar hann kom heim frá ársnámi í Bandaríkjunum vorið 1943 gerði hann fræðslumálafyrirvöldum grein fyrir því að annað hvort tæki hann við skólanum eða héldi að öðrum kosti aftur vestur um haf. Margrét Rasmus skólastjóri var ósammála tillögum Brands en hún var tekin að reskjast og niðurstaðan varð sú að Brandur tók við skólastjórn. Kröfurr hans náðu fram að ganga á næstu árum.

Haustið 1944 voru gerðar skýrslur um heyrnarlaus börn á aldrinum þriggja til sautján ára. Í skýrslu um Hervöru segir: „Foreldrar telpunnar eru bæði vel hraust og myndarleg og hafa átt tólf börn, sex stúlkur og sex pílta. Þau vita ekki um neina ættarkvilla eða veiklun í ættum sínum annað en það að föðursystir telpunnar smitaðist af berklum norður í landi og er talið að hún hafi flutt berklasmit inn á heimili þeirra og mun það hafa orsakað dauða þriggja drengjanna á fyrsta ári þeirra. Tvær telpur hafa hjón þessi sömu leiðis minnst á unga aldri en lækna álitu að þær hafi dáði af kalkefnaskorti. Hervör

og einnig vinkona foreldra hennar, Guðrún Þorvaldsdóttir frá Önundarfirði, auk þess sem Hafsteinn bróðir hennar var að sjálfsögðu meðal veislugesta. Ráðskonan hafði bakað tertu. Þremur vikum síðar bárust sorgarfregnir frá Hesti: litli drengurinn var dáinn. Hann lést þriggja vikna, 16. maí. Óskirður.

Nokkrum dögum eftir ferminguna fékk Hervör leyfi frá skólanum til þess að fara í gönguferð með nokkrum skólasysturum niður Laugavegin. Hún klæddist hveitipokakjólnum en hann var ekki lengur hvítur þegar hún sneri heim skömmu síðar. Krakkar höfðu gert aðsúg að þeim í gönguferðinni, ausið úr drullupollum yfir þau, híað á þau, grett sig og hlegið að þeim eins og þau væru vanvitar. Slík framkoma særði stolt Hervöru ósegjanlega, henni var stórlega misboðið en hún stillti sig ávallt og barðist við tárin. „Þessi viðhorf voru ekki bundin við fáfróð börn, fullorðnir áttu líka til að sýna svipbrigið sem lýstu vanvirðingu á okkur heyrnarlausum,” segir hún.

Á unglingsárunum var Hervör áfram

1. Hervör á fermingardag. Myndin er tekin við Málleysingjaskólann í Stakkholti 3 þar sem hún var nemandi og síðar starfsmaður.

2. Málleysingjaskólinn, síðar Heyrnleysingjaskólinn, var til húsa í Stakkholti 3 frá árinu 1917 til 1971.

3. Hervör og Guðmundur við skírnið frumburðarins, Bryndísar, en móðuramma hennar Guðbjörg Sveinfríður Sigurðardóttir heldur á henni undir skírni. Myndin er tekin í Laugarneskirkju, prestur er séra Garðar Svavarsson sem kenndi kristin fræði við skóla heyrnarlausra í fjölda ára.

4. Hervör og Guðmundur með börnin fimm haustið 1966, t.f.v. Magnús, Guðjón Gísli, Ragnheiður Eygló, María Guðrún og Bryndís.

5. Systkinin Hervör og Hafsteinn stilla sér upp fyrir myndatöku við Málleysingjaskólann.

## Guðmundur kemur til sögunnar

Litla heyrnarlausu stúlkan frá Hesti í Öndarfirði hafði breyst í unga glæsilega stúlku sem komin var á launaskrá hjá hinu opinbera, sjálförugg og tígulleg í fasi, með bros á vör og glampa í augum, ákveðin og stolt, geislandi af glaðvæð og góðvild. Hún sótti stundum dansleiki í höfuðborginni eins og ungt fólk á hennar reki og á einu slíku balli í Oddfellowhúsinu við Tjörnina tók hún eftir ungum manni sem horfði aðdáunaraugum á hana. Þarna var kominn Guðmundur Egilsson með hönd á lofti sem stafaði G-O-T-T K-V-Ö-L-D á fingramáli, ungur myndarpiltur. Hún gekk til hans full

eftirvæntingar. Þau skiptust á nokkrum setningum með fingrunum, fóru síðan út á dansgólfið og hafa meira og minna verið í örmum hvors annars allar götur síðan.

Þetta var á útmánuðum ársins 1947. Hervör var rúmlega sextán ára, Guðmundur tvítugur. „Ég hefði aldrei náð í þessa glæsilegu stúlku ef ég hefði ekki kunnað fingrastafrófið,” sagði Guðmundur þegar hann rífaði upp fyrstu kynnin. „Hervör var stórglæsileg og ég hefði ekki átt neinn séns án þess að hafa þetta forskot með fingrastafrófinu,” sagði hann af hógvæð. „Ég hefði heldur ekki haldið í hana nema

vegna þess að ég ákvað strax að gera heyrnarlausu vini hennar að vinum mínum. Heimili okkar var oft eins og félagsmiðstöð heyrnarlausra.”

Hervör og Guðmundur gengu í hjónaband á 25 ára afmælisdegi brúðarinnar, 27. janúar 1956. Þau eignuðust fimm börn, þrjár stúlkur og tvo drengi. Hervör var einn af stofnendum Félags heyrnarlausra og formaður félagsins um árabil. Þau hjónin voru gerð að fyrstu heiðursfélögum félagsins fyrir ómetanlegt brautryðjendastarf.



*Í júlí var hlaut heyrnarlaus leikkona, Elsa G. Björnsdóttir, verðlaun fyrir bestu stuttmyndina, Sagan endalaus, á hátíðinni Clin d’Oeil í Frakklandi. Clin d’Oeil er listahátíð tileinkuð menningu heyrnarlausra í öllum heiminum. Þar skapast vettvangur fyrir fyrir heyrnarlausu listamenn að kynna sín verk og taka þátt í listadagskrá fyrir ungt fólk.*

Elsa útskrifaðist frá leiklistarbraut frá Kvíkmyndaskóla Íslands árið 2010 og hún hefur tekið þátt í alls konar af leikritum og stuttmyndum síðan hún var ung. Í þetta sinn leikstýrði hún eigin mynd. Hlaut hún þúsund evrur í verðlaunafé. Sigurinn kom henni mjög á óvart: „Ég var mjög hissa og trúði þessu ekki. Þetta kom mér svo innilega á óvart,” sagði Elsa um verðlaunaafhendinguna.

Hún hefur gert nokkrar stuttmyndir en þetta var fyrsta myndin sem hún gerði ein, s.s. ekki í samstarfi við aðra eftir að hún útskrifaðist úr Kvíkmyndaskólanum.

Myndin fjallar um hvernig döff börn upplifðu oraltímabilið þegar táknmál var bannað. Sagan segir frá þeim hluta sögu heyrnarlausra þegar táknmálsbannið endaði eftir 100 ár. „Nafnið á myndinni Sagan endalaus var valið vegna þess að þetta er enn í dag að gerast og döff virðast ekki losna við þetta vandamál. Þó táknmálið sé ekki lengur bannað þá eru viðhorfin bara ennþá ekki nógu góð,” sagði Elsa um myndina. Myndin er hljóðlaus og þetta vekur hjá fólki spurningu um af hverju hún sé ekki með hljóði: „Myndin er hljóðlaus því ég vil að áhorfandinn skilji jafn mikið og barnið í myndinni. Það er að segja að börnin í myndinni skilja mjög takmarkað því þau mega ekki nota táknmál og ég vil að áhorfandinn sjái þetta frá sjónarhorni þeirra.” Hún nefnir að hún hafi tekið eftir viðbrögðum við áhorf myndar-

innar. Einn heyrandi grét og annar fattaði ekki söguna. Einn dómara á hátíðinni, Clin d’Oeil, kom til Elsu eftir verðlaunaafhendinguna og sagðist aldrei hafa orðið fyrir jafn miklum áhrifum af neinni mynd. Einmitt vegna þess að hún var hljóðlaus.

Framleiðslukostnaður er mikill við svona myndir. Elsa leitaði til sjálfboðaliða og fékk mikla aðstoð frá fólki sem trúði á verkefnið. Handritið tók um það bil 3 daga, tókurnar einn dag og eftirvinnslan um eina viku svo þetta var fljótlegasta verkefni hennar hingað til.

Myndin er óaðgengileg á netinu enn sem komið er því enn er verið að sýna hana á hátíðum erlendis sem sumar vilja ekki sýna myndir sem hægt er að nálgast á netinu. Um leið og þetta sýningartímabil líður hjá mun Elsa opna fyrir sýningu myndarinnar á netinu.

Elsa er með hugmyndasmíðju fyrir næsta mynd. „Ég var með tvær hugmyndir sem ég er að skoða og þróa og er mjög gott að vera með pening til að leigja tæki og ráða fólk því ekki er endalaust hægt að stóla á sjálfboðavinnu í

þessum bransa. Ég var mjög heppin með tókuliðið þarna en samviska mín leyfir ekki að biðja fólk að vinna frítt svo verðlaunin fara beint á reikning eyrnamerkta næsta verkefni,” sagði hún. Elsa staðfestir að mynd hennar verði tekin upp á Austurlandi nú næsta sumar. Hugmyndasmíðjan er komin af stað og væntanlega má búast við að sjá nýju myndina fljótlega í framhaldinu.

# Sagan endalaus



Gunnar Snær Jónsson



Elsa við verðlaunaafhendinguna





Þínar þarfir - okkar þjónusta



## Veldu góða þjónustu

Fjöldi leigustöðva um land allt tryggir þér úrvals þjónustu árið um kring. Við bjóðum mikið úrval nýrra, sparneytinna og vel útbúinna bíla.





# VEITINGAR

**PANTANIR OG  
HEIMSENDINGAR Á NETINU**



# Barnamót á Úlfjótssvatni



Hanna Lára Ólafsdóttir

*Barnamótið er eitt af samnorrænum verkefnum heyrnarlausra. Löndin skiptast á að halda mótið á tveggja ára fresti. Síðasta sumar var röðin komin að okkur.*

Með því að halda barnamót erum við að skapa vettvang fyrir börn á aldrinum sjö til tólf ára að taka þátt í sumarbúðum. Um er að ræða börn sem eru heyrnarlaus, heyrnarskert, með kuðungsígræðslu (KÍ) og heyrandi börn sem eiga heyrnarlaus foreldra (CODA). Á mótinu er talað táknmál og börnin fá tækifæri til að auka samskiptafærni sína, kynnast og læra önnur táknmál. Einnig er þetta tækifæri til að eignast nýja vini. Dæmi eru að slík vinátta hafi enst ævilangt. Sérstaklega er þetta frábært tækifæri fyrir íslensku börnin sem er fámennur hópur. Þau hitta jafningja sína sem deila svipaðri reynslu og hafa svipan bakgrunn frá öðrum löndum.

Stöllurnar þrjár, Unnur Pétursdóttir, Hjördís Anna Haraldsdóttir og Hanna Lára Ólafsdóttir tóku að sér að skipuleggja og hafa umsjón með barnamótinu. Þátttakendur voru í heildina 25 ásamt níu leiðbeinendum. Fjölmennasti hópurinn kom frá Svíþjóð eða um 10 börn. Sjö frá Finnlandi, þrjú frá Danmörku og einn frá Noregi. Fjögur börn frá Íslandi tóku einnig þátt í mótinu.

Ákveðið var að hafa sjóræningjapema á mótinu. Allir komu með búning og í upphafi mótsins var sjóræningjafána flaggað og hékk hann uppi allan tímann.

Börnin skemmtu sér mjög vel í Skátabúðunum á Úlfjótssvatni. Veðrið var okkur í hag og fengum við frábært veður allan tímann. Dagleg rútína var samkvæmt hefðinni. Börnin vöknudú klukkan hálf átta og klukkan átta var fáni dregin að húni og sungið þjóðlag. Dagurinn endaði á kvöldvöku eftir kvöldmat og allir voru sofnaðir um hálf ellefu. Dagskráin var fjölbreytt og á hverjum degi var eitthvað nýtt og spennandi prófað. Við fórum í allskonar útileiki, leystum prautil, fórum siglingu og prófuðum klifur og bogfimi. Svo var líka skroppið frá Úlfjótssvatni til að fara á hestbak og í sund á Selfossi. Í lok vikunnar var farið í Úlfjótssvatnsgarð. Börnin voru hæstánægð með mótið og gleði og eftirvænting skein úr hverju andliti.

Samhliða mótinu var sett upp facebook síða. Þar skrifuðum við stuttlega hvað var gert á hverjum degi og settum inn myndir svo foreldrar gætu fylgst með. Börn, leiðbeinendur og mótshaldarar fóru heim með bros á vör og góðar minningar eftir frábært mót.



# Fyrstu heyrnartækin sem taka eðlilegri heyrn fram í háværu umhverfi

Siemens Pure binax eru fyrstu heyrnartæki veraldar sem gera þér kleift að heyra betur en fólk með eðlilega heyrn. Þessi nýju tæki nota háþróaða binaural tækni sem dregur sjálfvirkt fram einmitt það sem þú vilt heyra en sár jafnframt burt eða dempar þau óþarfa hljóð sem þú vilt ekki heyra. Þú getur einnig stefnumiðað hlustunarsviði tækjanna

og þannig beint hlustun þinni að einmitt þeirri manneskju sem þú ræðir við hverju sinni. Þannig gera tækin þér auðveldara að halda uppi samræðum í háværu fjölmenni.

Rannsóknir sýna ennfremur að binax tækin greina tal betur í hávaða en fólk með eðlilega heyrn getur. Binax tækin tengjast einnig snjallsímanum þínum svo þú getur stjórnað styrk, hlustunarkerfum og fleiru í gegnum símann.

Komið,  
prófið og  
sannfærist!

[www.bestsound-technology.is](http://www.bestsound-technology.is)

**Siemens heyrnartækin**

Söluaðili á Íslandi: Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Háaleitisbraut 1, s:5813855, [www.hti.is](http://www.hti.is)



Hulda María Halldórsdóttir

Ég útskrifaðist frá Háskóla Ísland 2013 og skrifaði BA verkefni um söng á táknmáli og byggist verkefnið á minni eigin reynslu. Ég hef haft mjög mikinn áhuga á tónlist og söngtextum alveg síðan ég var lítil stelpa. Ég spurði oft út í söngtextana og velti fyrir mér orðalaginu. Eftir því sem ég varð eldri fór áhuginn vaxandi á innihaldi söngtextanna. Síðan fór ég að velta fyrir mér söng á táknmáli, byrjaði að syngja sjálf á táknmáli og velta fyrir mér þýðingum frá íslensku yfir í íslenskt táknmál. Smám saman jókst líka áhuginn að sýna samfélaginu að íslenskt táknmál er fullgilt mál og að það er hægt að syngja á táknmáli. Það getur ekki hver sem er sungið á táknmáli alveg eins og það getur ekki hver sem er sungið á raddmáli og því er líka hægt að syngja falskt á

# Söngtextar þýddir á íslenskt táknmál

táknmáli. Af hverju segi ég það sé hægt að syngja falskt á táknmáli? Jú, það snýst um þýðingarvinnuna, æfingarnar og hæfileikann líkt og þegar söngvarar læra textann og æfa raddböndin til að ná ákveðinni tónhæð. Það er ekki nóg að sveifla höndunum á mismundandi stöðum, heldur þarf innihald söngtextans að koma fram. Þegar söngtextinn er skoðaður þá eru nokkrar leiðir til að þýða yfir á íslenskt táknmál.

Það mikil vinna að þýða söngtexta en það er miklu meiri vinna að þýða yfir á íslenskt táknmál. Til að byrja með þarf að taka ákvörðun um hvaða þýðingaraðferð skuli nota. Hvort eigi að þýða textann beint, sem eru tvær aðferðir, annars vegar er að fylgja textanum nákvæmlega og þýða hvert orð og hins vegar að ná innihaldinu og þýða á íslenskt táknmál. Þá þarf að ákveða hvort eigi að þýða meira í myndrænu formi og þá stjórnast þýðingar meira af handformum. Með því að þýða texta út frá handformum þá er t.d. hægt að nota A-form allan tímann, en það er meira ef það er verið að þýða ljóð. Mér persónulega finnst skemmtilegra að þýða söngtextana út frá innihaldi því mér finnst svo gaman að þæla í þeim og skila því þannig til áhorfenda svo þeir fái að njóta sín jafnt. Það er líka hægt að blanda aðferðunum saman ef söngtextinn er þannig hannaður, eins og að þýða yfir á íslenskt táknmál og myndrænt form.

Ekki má hugsa um söngtextann eingöngu

heldur þarf að vita hvernig tónlistarstefnan er en þær eru margskonar. Sem dæmi má nefna kántrí, óperu, blús, þungarokk og margt fleira. Þegar söngtextinn er þýddur þarf að skoða hverskonar tónlistarstefna þetta er. Ekki þykir það fallegt að taka lög eftir Sigrúnu Hjálmtýsdóttur og söngurinn á táknmáli er í þungarokksgírnum. Hvað þá að vera mjög glaðleg ef lagið er um látna systur. Söngurinn á táknmáli þarf að sam-sama sig takti lagsins.

Íslenski orðaforðinn er fjölbreytilegur sem dæmi má nefna orðið snjó en þá er hægt að nota orðið mjöll, fönn, ofanhríð og fleira. Á íslensku táknmál er tákníð eins fyrir öll orðin en hreyfingin og áttin misjöfn og þá er gott að skoða hvernig lýsingin er á snjónum í söngtextanum. Ef við tökum orðið „þú“ þá þarf að skoða hvort hentar betur að tákna „þú“ með vísifingri eða nota B-form eða jafnvel nota eitthvað annað sem hentar betur eftir því hvernig tónlistarstefnan er og eftir því hvernig textinn er. Allt þarf að skoða vel og prófa til að sjá hvað hentar best í hverju sinni.

Það er oft gaman að spyrja heyrendur um söngtextana til að sjá viðbrögð þeirra þegar þau byrja að velta fyrir sér innihaldi þeirra. Það svara næstum allir „ég hef aldrei þælt í þessu“. Mér þykir þetta mjög skemmtilegt og ég nýt þess að taka góðan tíma í að þýða yfir á fallegasta tungumálið og jafnframt mitt móðurmál, íslenskt táknmál.

## Von



Gunnar Snær Jónsson

*Kolbrún Völkudóttir útskrifaðist frá Kvikmyndaskóla Íslands af leiklistarbraut vorið 2015. Hún fékk viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsárangur og frábæra ástundun náms. Lokaverkefni hennar var stuttmyndin Von, sem hún vann í samstarfi við skólann. Myndin veitir góða innsýn í líf heyrnarlausra í náttúruhamförum.*



„Námið var mjög skemmtilegt, erfitt, krefjandi og tók allan hennar tíma. Það var lítil tími fyrir mig, fjölskylduna eða vini þar sem skólinn tók hug minn allan, en ég myndi fara í skólann aftur og aftur því við lærðum eitthvað nýtt á hverjum degi“, segir Kolbrún. Hún hefur farið í leiklistarnám á tveimur stöðum. Annað var leiklistarbraut í Lýðháskóla í Leksandi í einn vetur og einnig sumarleiklistarnámskeið í Odsherred Theaterschool í Danmörku sem hún tók tvisvar með Elsu. Hún segir hann var flottasta skóla sem hún hefur farið í og lærði hún mikið á aðeins viku. Leiklistin hefur alltaf blundað í henni

og þegar hún var yngri lék hún lenggi Tinnu táknmálsálf fyrir barnaefni í Ríkissjónvarpinu. Hún hefur leikið í nokkrum stuttmyndum og nú bíður hún eftir að komast að í stórri bíómynd. Draumur hennar er að fá hlutverk í einni af myndunum hans Baltasars Kormáks.

Myndin hennar, Von, fjallar um þrítuga heyrnarlausu konu sem lendir í snjóflóði ásamt fjölskyldu sinni og reynir hún að fikra sig nær lífi en dauða. Það voru bæði heyrnarlausir og heyrandi leikarar en tvö aðalhlutverkanna voru í höndum heyrnar-

lausra. En það er ekki ódýrt að framleiða stuttmynd. Framleiðslan hófst í janúar og tók u.þ.b. sex mánuði. Kostnaður við myndina fór upp í eina milljón króna. Mesti kostnaðurinn var við ferðir en farið var til Ísafjarðar og þar um kring vegna upptaka.

Stuttmyndin, Von, er því miður ekki aðgengileg á netinu því áætlað er að senda hana á kvikmyndahátíðir erlendis. Hún var þó sýnd í Félagi heyrnarlausra á Degi Döf í haust.

Kolbrún sér fyrir sér að framleiða Von í fullri bíómyndalengd og lengja söguna en vantar fjármagn svo það geti orðið að veruleika.



Rebekah Rose-Mundy

# Ég verð aldrei raunverulegur fjölskyldumeðlimur í heyrandi fjölskyldu minni því þau kunna ekki táknmál

*Rebekah er döff móðir þriggja döff barna og eins heyrnarskerts barns. „Börnin mín skilgreina mig sem manneskju og hvetja mig til að berjast fyrir réttindum mínum. Ég er ástríðufullur höfundur og listamaður og ég skrifa af hjarta og sál. Ég hef unnið með döff börnum í 23 ár og hef kennt mörgum fullorðnum ástralska táknmálið og um döff. Heimur minn er döffsamfélagið, án þess er ég ekki neitt.“*

Jólin eru í miklu uppáhaldi hjá mér en ég kvíði þeim líka. Ég verð vansæl þegar jólin nálgast. Mér finnst gaman að sjá fjölskyldur safnast saman og fagna jólnum sem fjölskylda, viðurkenna og þykja vænt hverju um annað... en þannig er það ekki með mín. Þegar heyrandi fjölskylda mín á í hlut þoli ég ekki þennan árstíma. Ekki vegna fólksins í heyrandi fjölskyldu minni... heldur vegna þess að það eru engin samskipti. Á hverju ári forðast ég jólaböð nema þau séu „döff vinsamleg“ og með fólki sem metur samskipti hvort sem þau eru á táknmáli eða ekki.

Við hjónin giftumst á aðfangadag jóla. Ég vildi að jólin mín yrðu sérstök, ég vildi að jólin yrðu hamingjuríkur tími og að giftast á aðfangadag yrði það besta sem ég hefði gert. Það breytti álitinu mínu á jólnum.

Ég ólst upp í „heimi heyrandi menningar“... Ég reyndi svo mikið að vera „heyrandi“ en hversu mjög sem ég reyndi gat ég það aldrei. Í heyrandi fjölskyldu minni var ætlast til að maður væri „heyrandi“ en það er líka nokkuð sem þau koma aldrei til með að skilja því þau sjá það ekki frá mínum sjónarhóli og þau hafa ekki staðið í mínum sporum. Sérstaklega ekki sem döff manneskja. Engu breytir hversu oft ég reyndu að deila reynslu minni og útskýra... „Það snýst alltaf um þig,“ er oft sagt við mig.

Því eldri sem ég verð því meira forðast ég að vera innan um heyrandi fjölskyldu mína því ég hef ekki lengur styrk til þess og ég vil ekki „sóa tíma“... orku minni, tíma og lífi mínu í eitthvað sem hefur ekkert gildi fyrir mig og skilar mér engu til baka.

Móðir mín er falleg og góð manneskja og hún er vel liðin af mörgum, hún hefur gott hjartalag, en samband mitt við móður mína er eitrað. Það er bilað. Faðir minn er mjög snjall sérvitur maður og talar hátt, talar út í eitt, deilir sterkum skoðunum sínum á mörgum atriðum en samt er samband mitt við föður minn betra en við nokkurn annan í heyrandi fjölskyldu minni. Ég á tvö systkini og þau eru yndislegt fólk en ég lít ekki á þau sem systkini... heldur bara fólk sem

ég þekki, vini. Þótt mér þyki vænt um þau sárnar mér samband þeirra við foreldra mína, aðra heyrandi í fjölskyldunni og eitt barna minna.

Hvers vegna? Því ég á ekki þannig samband við þau og það þrái ég. Mig hefur langað í slíkt samband eins lengi og ég man. Ég á mörg systkinabörn og þykir vænt um þau og af því að þau eru börn er það auðveldara. Hver veit hvað gerist þegar þau verða eldri? Ég veit innst inni að sambandið dofna og við fjarlægjumst eins og venjulega vegna samskiptanna.

Samskipti voru aldrei talin mjög mikilvæg, foreldrar mínir kenndu okkur aldrei að vera þakklát fyrir og meta gildi samskipta. Því höfðum við ekkert tæki til að eiga samskipti, ekki einu sinni SMS, tölvupóst, skype eða neitt annað.

Amma mín og annað systkina minna buðu mér að koma heim í fæðingarbæ minn um jólin því amma mín var að verða 99 ára og hana langaði að hafa alla fjölskylduna saman á ný. Það var afmælisóska hennar. Ég gat ekki neitað ömmu minni þótt inn inni í mér væri heimurinn að hrynja. Hjarta mitt barðist í brjósti mér og ég yfir mig helltist hryllilegur kvíði.

Hugur minn æpti: „Nei, nei, nei, nei, útilokað, andskotinn, nei.“

Myndir úr fortíðinni runnu gegnum huga minn þar sem ég var meðal þeirra en þó einangruð og hataði lífið. Við móðir mín höfum ekki átt nein samskipti í tvö ár. Hvernig yrði það? Hvernig yrðu viðbrögð okkar hvor við annarri?

Ég fór. Já, ég fór. Ég fór með fjölskyldu mína heim í fæðingarbæ minn um jólin. Ég lifði það af og þoldi það ekki. Ég grét dögum saman. Ég verð reið og vansæl. En ég gerði það og ég geri það ALDREI aftur. Ég hreinlega get það ekki.

Við vorum í þrjá daga og það var hrein kvöl. Canberra er fallegur bær og þar er margt táknrænt fyrir Canberra. En ég hata

Canberra vegna minninganna og bærinn minnir mig á hvernig líf mitt var forðum.

Fyrsta daginn fórum við öll í lautarferð... þar áttu öll börn foreldrar minna og systkina þeirra að vera. Við sátum á bekk og reyndum að virðast vera að gera eitthvað. Við maðurinn minn báðum þess að færi að rigna. Við vorum bænheyrð en lautarferðin var flutt inn í hús. Við sátum föst inni í húsi, falletu húsi með jógasal í bakgarðinum og mjög falletum hundi.

Mér leið eins og fíl í húsinu með fullt af músum að skjótast allt í kringum mig. Mér leið eins og hundi sem er klappað á hausinn „góð stelpa“. Mér leið mjög óþægilega og fannst enginn virða mig viðlits. Klukkustundirnar liðu löturhægt og það varð sífellt erfiðara að þola eina mínútu í viðbót. Ég þoldi ekki þetta „spjall“. „Halló, hvernig hefurðu það? Hvað ertu að gera núna? Það er svo langt síðan...“ Ég lagði mig fram við að lesa af vörum með aðstoð heyrnartækisins míns því ég þurfti að „heyra“ röddina til að lesa af vörum. Ég get ekki lesið af vörum án hljóða. Það voru of mörg hljóð í húsinu, of margt fólk og of margt sem truflaði. Svo er það vandræðalega þögnin, bros og samtalinu er lokið. Eða einhver truflaði með því að hrópa eitthvað. Eða sagt er við mig „Afsakaðu, fyrirgefðu.“. Mér léttir en samt finnst mér ég svo heimskuleg þegar ég stend bara og veit ekki hvað ég á að gera næst.

Ég leit á mína stóru heyrandi fjölskyldu með öllum þessum systkinabörnum og var sorgmædd því ég þekkti þau ekki. Ég á ekki í sambandi við þau. Ég er ekki talin nógu mikilvæg fyrir þau. Tár rann niður kinn mína en ég þurkaði það snarlega og setti upp svip eins og ég skemmti mér vel.

Næsta dag áttum við 13 ára brúðkaupsafmæli. Heyrandi fjölskylda mín gleymdi því eins og venjulega. Við heimsottum ömmu sem var í endurhæfingu. Ég var fegin að sjá að engir aðrir ættingjar voru þar. Bara við. Það þýddi að ég gat átt samskipti við ömmu mína án truflunar, háværs skvaldurs.

Ég sat með ömmu minni og fannst hún sýna mér væntumþykju. Hún skrifar mér í hverjum einasta mánuði. Bréf hennar voru alltaf full af fréttum af því sem var að gerast. Bréf hennar voru alltaf skrifuð með tengdri lykkjuskrift. Ég nauð þess að fá bréfin frá henni. Bréfin hennar voru tenging mín við heyrandi fjölskyldu mína.

Um stund röbbuðum við um ættartré hennar og fjölskyldu minnar. Ég sat og reyndi að lesa af vörum hennar og hlustaði til að skilja hvað hún var að segja. Eftir tíu mínútur varð ég þreytt en hélt áfram að horfa á varir hennar. Mig fór að sviða í augun og hugurinn fór að verða grautar-kenndur. Ég fer að missa einbeitinguna við að hlusta á hana og náði aðeins orði og orði á stangli. Rödd mín fór að verða óskýr og táknmálið varð óljóst.

Ég nota alltaf táknmál með þegar ég nota röddina. Ég get ekki talað án þess að nota táknmál. Ég get ekki bara talað. Við urðum að hætta og ég faðmaði hana þétt að mér, sagði henni hve mikils virði hún væri mér og hvað mér þætti vænt um að fá bréfin frá henni. Ég leit á ömmu mína og dáðist að henni. Hún litaði enn á sér hárið og klæddi sig enn fallega. Hugur hennar er enn skarpur og sterkur. Líkaminn er viðkvæmur en hún er samt ákveðin í að halda áfram að lifa. Þegar ég fór út velti ég fyrir mér hvort ég sæi hana einhvern tíma aftur eftir jólin.

Á eftir heimsóttum við foreldra mína. Þar sem ég var þarna í Canberra fannst mér verða að leggja nokkuð á mig. Það var hins vegar ekki vel þegið. Eins og venjulega var ekki nógu gott að ég skyldi vera þar í þrjá daga. Deila upphófst og fólk fór að hækka róminn.

Ég stóð fyrir utan og beið eftir að fara og yngsti sonur minn, sem er eina heyrandi barnið á mínu heimili, fór að „túlka“ hrópin. Mér varð þungt um hjarta. Yngsti sonur minn var „að túlka“, hann er aðeins átta ára. Samt sá hann mig standa án þess að ég vissi hvað var um að vera og honum líkaði það ekki svo honum fannst að hann þurfa að upplýsa mig. Börnin mín ættu aldrei að þurfa að axla þá byrði, þá ábyrgð, að þurfa að túlka nokkuð. Að halda mér inni í samskiptum. Það er ekki þeirra skylda. Ég eignaðist ekki börn til að verða „túlkar“ fyrir mig. Ég átti börn því mig langaði að eiga fjölskyldu og mér þykir vænt um börnin mín eins og þau eru.

Ég fór burt grátandi og með lamandi kvíða í huga. Ég var full af sektarkennd og fannst ég bara ábyrgð á að ég væri döff og vildi ekki vera þarna. Ég þoldi ekki sektartilfinninguna. Hún étur mann upp að innan. Ég fann hana naga mig, naga og naga þar til ekkert var eftir til að naga.

Þriðji dagurinn var jóladagur. Við opnuðum gjafirnar okkar og einn af systursonum mömmu kom til að vera með okkur. Ég var með gjafir handa öllum, líka frændanum. Ég sat brosandí á sófanum og leit í kringum mig. Ég reyndi að virðast hamingjusöm. Allir voru að tala saman, raddir ómuðu um stofuna. Enginn notaði táknmál nema við hjónin.

Hjarta mitt bugaðist þegar ég sá systkini mín og foreldra fá gjafir frá frændanum en ég fékk enga.

Er það vegna þess að ég er döff?

Er það vegna þess að hringi ekki í hann í síma?

Er það vegna þess að ég á ekki í löngum merkingarþrungnum samtölum við hann?

Er það vegna þess að við fjarlægðumst hvort annað eftir því sem við urðum eldri?

Þetta var sárt. Eins og að vera stungin hnífi aftur og aftur. Ekki að mig langaði í gjöf. Ég vildi vera með. Ég vildi að fólk ætti samskipti við mig eins og heyrandi fjölskyldan á í sín á milli. Ég vildi skipta máli. Ég vildi að þau litu á mig sem jafningja. Þegar dagurinn drattaðist áfram glumdu hlátur og endalaust skraf alls staðar og ég velti fyrir mér um hvað það snerist.

Ég reyndi að horfa á varir þeirra en það var of margt sem truflaði, of mörg önnur hljóð, þau töluðu of hratt og hart og mig fór að sviða í augun af einbeitingunni. Þegar ég lít á einhvern er brosað til mín en samt halda þau áfram að tala saman þótt þau viti að ég stend þarna og fylgist með. Enginn í heyrandi fjölskyldu minni kann táknmál. Faðir minn getur stafað á fingrum en hann er klaufalegur við það. Móðir mín getur táknað nokkur orð en ekki mjög greinilega. Ekki nógu mikið til að eiga einfalt samtal.

Í hádeginu sat ég með börnunum og snæddi. Á meðan fylgdist ég með börnunum tala saman. Á þeirri stundu vildi ég óska þess að ég gæti heyrt. Mig langaði svo að vera þátttakandi í samtali þeirra. Ég leit yfir að hinum borðunum og horfði á fulloröna fólkið tala saman. Ég sá tilfinningar á andlitum þeirra og velti fyrir mér um hvað samtalið snerist. En ég vissi að eins og venjulega kæmist ég aldrei að því vegna þess að alltaf þegar ég spurði er bara sagt við mig „Ó, það er ekkert“, „Ó, við erum tala um forsætisráðherrann“ eða „Ó, það var um vinnuna mína.“

Ég velti því oft fyrir mér hvort þau líti nokkurn tíma á mig og velti fyrir sér hvað ég sé að hugsa. Hvað vita þau um mig? Af hverju reyna þau ekki að eiga samskipti við mig? Ég horfi á móður mína reyna að kenna börnunum mínum að segja orð skýrt og ég hugsa með mér: „Ég kom ekki með börnin mín til þín svo þú gætir kennt þeim að tala, þau eru döff og táknmál er þeirra tungumál.“

Svo velti ég því fyrir mér hvort móður mína langaði raunverulega til að hitta mig eða vildi hún bara hitta börnin mín? Það veit ég ekki. Á meðan þau sátu á sófanum með móður minn sagði yngri dóttir mín við mig: „Mér finnst ergilegt þegar ég bið fólk að endurtaka það sem það sagði og það segir að það hafi ekki verið neitt merkilegt.“ Ég svara henni: „Ef þau endurtaka ekki það sem þau sögðu eru þau ekki þess virði að þú eyðir tíma með þeim, finndu einhvern annan sem gerir það.“ Samskipti eru mikilvæg fyrir alla.

Ég sagði við manninn minn að við þyrftum að fara. Hjarta mitt berðist of mikið og ég þyldi ekki við í eina mínútu í viðbót. Elsti sonur minn var að verða reiður og aðþrengdur. Þegar við ókum af stað, veifuðu allir bless nema móðir mín. Henni fannst ómögulegt að ég væri þarna í þrjá daga, henni fannst hún ekki vera nógu merkileg til að við værum lengur.

Ég fór burt með nýjar upplýsingar um heyrandi fjölskyldu mína og þær voru að ég á frænku sem er heyrnarlaus á öðru eyranu. Hún hafði verið heyrnarlaus á öðru eyra í meira en fjórútu ár og ég var að komast að því núna sem allir aðrir höfðu alltaf vitað. Fyrir döff manneskju eru samskiptin lykkillinn að því að komast af. Samskipti eru það mikilvægasta í lífinu fyrir mig. Án samskipta er ég ekki neitt.

Það er sárt að vita að ég verði aldrei raunverulegur þátttakandi í lífi heyrandi fjölskyldu minnar, ég verði alltaf utangarðsmanneskja af því að ég er frábrugðin. Engu breytir hversu hart ég legg að mér við að reyna að mennta þau í samskiptum. Þar breytist aldrei neitt. Hvort sem það er táknmál eða ekki er afar mikilvægt að hafa alla með, jafnvel döff manneskjuna. Samt gerir táknmál lífið einfaldara og aðgengilegra. Engu breytir hversu vel döff barn getur talað og „heyr“ gerist það óhjákvæmilega að því finnst það einangrað í sinni heyrandi fjölskyldu og þar með að vera of lítills metið. Ég kenni börnunum mínum að eiga samskipti og sýna öllum tillitssemi.

Einn góðan veðurdag þegar ég hef fengið nógu mun ég hugleiða að grípa til frekari ráða gegn þeim sem sögðu móður minni að nota ekki táknmál við mig. Mér skal einhvern veginn takast að breyta því. Það er mismunur og brot á rétti döff manneskju til að eiga tungumál. Engin furða að geðsjúkdómar séu svo algengir meðal döff fólks. Við erum ekki hluti af heyrandi fjölskyldu okkar. Ef þú átt döff barn skaltu alltaf nota táknmál og byrja núna. Bíddu ekki með það þar til síðar. Hafðu önnur börn þín og maka með í því. Láttu samskipti verða það mikilvægasta í lífi döff barnsins. Hvort sem barnið er með ígræðslu, heyrnartæki, getur talað og heyrt eitthvað, notið alltaf táknmál.

Táknmál vinnur EKKI gegn, og ég er að segja ykkur að það er kjaftæði þegar svokallaðir „heyrnarsérfræðingar“ segja að „táknmál vinni gegn því að þau geti beitt talmáli og hlustun“ því táknmál BÆTIR talmál þeirra og hlustun mun meira heldur en hjá barni sem notar ekki táknmál. Yngsta dóttir mín er sönnun þess. Og mörg önnur döff börn sem nota táknmál heima hjá sér.

Látið afrækslu, yfirburði þeirra sem heyra og heyrnleysingjafælni ekki verða atriði í lífi döff barns ykkar eins og þau eru í mínu lífi. Látið döff barn ykkar ekki alast upp í einangrun og að þola ekki fjölskylduboð eins og ég geri. Látið ekki döff barn ykkar reka frá fjölskyldunni eins og ég gerði.

Takið táknmáli opnum örmum og lítið á það sem rétt döff barns ykkar. Döff barn ykkar getur ekki og mun aldrei „heyra.“ Ég reyndi það og það gekk ekki.



 Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylytols sem aðalsætufrumna í tyggigúmmii

 Borða  Drekka tyggja 



# Viðarvörn fyrir íslenskar aðstæður

## Notaðu sumarið til að verja viðinn!

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

## Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður



Útsöluastaðir Málningar: BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BAUHAUS Axel Þórarinnsson málarameistari, Borgarnesi • Virkið Hellissandi • Málningarbúðin Ísafirði Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • ORMSSON-VÍK Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun Grindavík

**málning**  
- það segir sig sjálft -

ÍSLENSKA STA. ÍS. MÁL. 17811.02/16

# STERKIR Í STÁLINU Í 45 ÁR

**45**  
ÁR  
**GA**  
SMÍÐAJÁRN

GUÐMUNDUR ARASON EHF  
Skútuvogi 4, 104 Reykjavík  
Rauðhelli 2, 221 Hafnarfirði  
Sími 568 6844 - ga@ga.is  
www.ga.is



STÁLBITAR - PLÖTUJÁRN - PRÓFÍLAR - ÁL - RYÐFRÍTT STÁL

BLIKKPLÖTUR - PVC PLÖTUR - POM ÖXLAR

## VIÐ BYGGJUM Á TRAUSTUM GRUNNI



Ljósmynd: Sara Krulwich

# Spring Awakening



Gunnar Snær Jónsson

Fyrir tíu árum var söngleikurinn Spring Awakening (Vaknað að vori) sýndur á Broadway. Hann hlaut 8 Tony verðlaun og þar af ein fyrir besta söngleikinn. Verkið er eftir byggt á leikverki Þjóðverjans Frank Wedekind frá 1891. Það voru svo Michael Arden og Deaf West Theatre sem ákváðu að hefja samstarf og endurgera það ásamt óskarsverðlaunahafanum Marlee Matlin. Notast var við nýja aðferð, nefnilega að blanda saman amerísku táknmáli og ensku og heyrnarlausir og heyrandi leikarar

sameinast á sviðinu sem ein persóna. Það vakti mikla athygli þegar Brooks Atkinson Theater á Broadway tók verkið til sýninga.

Þegar þetta fréttist velti fólk fyrir sér hvernig það væri að fá heyrnarlausu leikara inn í söngleik og syngja án þess að heyra nokkuð. Þetta virtist ætla að verða afar krefjandi, bæði fyrir áhorfendur og leikara. Leikstjórinn leysti þetta á þann veg að fá tvo einstaklinga, einn heyrandi og annan heyrnarlausan, til að leika eina

persónu. Sá heyrnarlausir notar amerískt táknmál og sá heyrandi stendur í skugganum og sér um söng og texta á ensku.

Sigríður Vala Jóhannsdóttir og Sindri Jóhannsson fóru til New York í fyrra og sáu sýninguna. Þau sögðu það hafa verið frábæra upplifun.



Ljósmynd: Moritz-Web



Ljósmynd: Joan Marcus

# Gagnrýni



Sigríður Vala  
Jóhannsdóttir

Sýningin er byggð á leikriti Fransk Wedekind og var afar áköf og kraftmikil. Hún er um unglunga sem voru algjörlega óundirbúnir af foreldrum, fólki í umönnunarsköfum og kennurum fyrir hormónabreytingar kynþroskans svo að af hlutust sorglegar afleiðingar. Í stuttu máli fjallar leikrit Wedekins um skort á uppfræðslu. Hins vegar var skortur á uppfræðslu ekki eina hlið Vaknað að vori. Samskiptavanda var að auki bætt í söguþráðinn og var látinn vera samsíða skorti á uppfræðslu. Það er það sem mér fannst best við leikritið. Fólk eins og ég þekkir vel sorglegar afleiðingar samskiptavanda döfð barna. Þótt helsta markmið Wedekinds með verkinu virtist vera að segja áhorfendum hve menntun væri mikilvæg, benti Michael Arden, leikstjóri Vaknað að vori á að skýr samskipti séu ekki síður mikilvæg. Hann notaði raunverulegar aðstæður sem döfð fólk þarf oft að þola eins og að vera hæðst að af heyrandi kennurum fyrir að nota táknmál. Leikritið var að kenna áhorfendum mikilvægi bæði menntunar og samskipta. Ég var mjög hrifin af því.

Vegna þessarar kúgunar sem tengist menntun og samskiptum var þess virði að sjá Vaknað að vori vegna glæsilegrar túlkunar verksins á hugrekki ungs fólks, hæfileikaríks döfð fólks og tungumálsins (bæði fyrir döfð fólk og heyrandi). Það eina sem ég get sett út á er að heyrandi leikarar töluðu og táknuðu samtímis. Margir hinna heyrandi leikara í verkinu táknuðu um leið og þeir sungu og ég skildi aðeins um 25% þess sem þeir voru að segja. Þeim fannst greinilega mjög óþægilegt að tákna og tala eða syngja samtímis. Ég vorkenndi þeim mest allan tímann. Að láta þá syngja og tákna línurnar sínar jafnóðum er til of mikils mælst. Hins vegar var táknmál þeirra heyrnarlausu í leikarahópnum (sem skyggðu á heyrandi mótleikara sína sem segja línur sínar upphátt) mjög túlkandi mörgum lögum þar sem komu fram endurtekin þemu og sjónrænar myndlíkingar.

Sýningum á leikritinu lauk aðeins í síðustu viku og ekki verða fleiri sýningar nema það verði tilkynnt sérstaklega. Satt að segja er ég vonsvikin að sýningum skuli hafa verið hætt. Skilaboð verksins eru öflug og allir á jörðinni ættu að sjá það. Ekki aðeins voru skilaboð leikritsins mögnuð, heldur var uppsetning þess aðlaðandi með skínandi leikmyndahönnun og búningum og háværrí tónlist. Leikritið var aðdáunarvert verkefni, svo aðdáunarvert að ég vildi að ég hefði verið meðal leikenda. Í heildina tekið var þetta leikrit sem fyllti mann af andagift.



Ljósmynd: Sara Krulwich



Ljósmynd: Joan Marcus



# Árlegt döffmót

Fyrsta Döffmótið var haldið undir berum himni á Stóra-Hofi árið 2005. Var það svo vel lúkað að ekki varð aftur snúið. Síðan hefur mótið verið árlegt fyrir utan árið 2006 en það sumar var Norræn menningaráhátíð haldin á Akureyri.

Undirbúningur og skipulag er ávallt í höndum sjálfbóðaliða sem gera sitt besta til að finna stað og stund og undirbúa dagskrá. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt starf því oft reynist erfitt að koma til móts við alla þó mikið sé gert til að allt gangi upp. Undirbúningur vegna Döffmóts 2015 var heldur skrautlegur en endaði þó vel. Í upphafi var búið að bóka tjaldstæði og gistiheimili á Varmalandi. Auk aðstöðu í félagsheimili. Þegar komið var að því að ganga frá öllu breyttust skilmálar. Staðarhaldarar vildu fá meira greitt og sá nefndin fljótt að það myndi ekki borga sig. Tekin var ákvörðun um að leita að nýjum stað og ákveðið að hafa mótið í Þjórsárverri en góð reynsla var af þeim stað síðan á Döffmóti árið 2010. Síðar kom í ljós að staðurinn hafði verið tvíbókaður og því gekk það ekki heldur upp.

Laust var á Kleppjárnsreykjum með þessum stutta fyrirvara og ákveðið að

bóka þar. Á fimmtudagskvöldi fyrir Döffmótshelgina mættu að sjálfsgöðu nokkrir á staðinn og kom þá í ljós að grasbletturinn okkar var fullur af frönskum húsbílaeigendum og öðrum túristum. Frakkarnir hafa fundið lyktina af MMS-bolabítunum Gumma og Níelsi og flúðu svæðið við sólarupprás. Næst var að færa okkur, vígbúast og hertaka svæðið okkar. Skondið var að sjá jeppunum stillt upp hlið við hlið, beint á móti þeim fáu tjöldum sem eftir voru og sjá hvað blasti við fólki þegar það leit út. Hernaðaráætlunin gekk eftir og við náðum yfirráðum yfir grasblettinum okkar rétt fyrir hádegi. Fólk úr öllum áttum fór að tínast að og slá upp tjöldum. Alltaf er jafn aðdáunarvert að sjá þegar fólk hjálpast að, skiptist á fréttum og spjallar um allt á milli himins og jarðar. Börnin voru fljót að tínast út í móta, tjöld og kjarrlendi og rétt kíktu á okkur til að fá í svanginn. Á laugardegnum mættu döff heldri borgararnir, slógu upp sínu fína kjaftatjaldi og gengu upp og

sögðu sögur. Farið var í sundlaug sem var á svæðinu, leiki, keppt í fótbolta, snú snú og um kvöldið var skemmtileg kvöldvaka sem vakti lukku. Þess má geta að allt þetta fór fram undir berum himni án vandkvæða. Helgin heppnaðist vel og alltaf jafn gaman að sjá unga jafnt sem aldna koma saman og eiga góðar stundir saman. Lítið var sfofið og mikið spjallað og leikið.

Döffmót 2016 verður í Laugalandi. Þeir gestir sem frekar vilja vera á gistiheimili eða á hóteli eru hvattir til að skoða úrval gisti- staða og bóka tímanlega. Tjaldbúar, fellihýsa-, hjólhýsa- og húsbílaeigendur þurfa ekki að örvænta með gistingu þar sem nóg er plássíð á Laugalandi og við hvetjum alla að skrá sig tímanlega. Hlökkum til að sjá ykkur á Döffmóti!

## Úrval gistaða

[www.southiceland.is/info/06-Gisting.html](http://www.southiceland.is/info/06-Gisting.html)



Hanna Lára Ólafsdóttir



Heiðís Dögg Eiríksdóttir



Hulda María Halldórsdóttir



Ljósmyndir: Leszek Daszkowski





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# NÝR RAV4 HYBRID

## UPPHAF NÝRRA TÍMA



**RAV4: Verð frá 4.990.000 kr.**  
**RAV4 Hybrid: Verð frá 5.940.000 kr.**

TOYOTA  
HYBRID

**Kynntu þér Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág  
innborgun

Tryggt  
framtiðarvirði

Fastar  
mánaðargreiðslur

**Nýr RAV4** markar upphaf nýrra tíma með kraftmikilli hybrid-útfærslu sem gerir hverja ökuferð að hljóðlátri ánægju. RAV4 Hybrid fæst bæði fjórhjóra- og framhjóladrifinn en auk þess býðst nýr RAV4 í dísil-útfærslu með framhjóladrifi. Glæsileikinn geislar af nýrri hönnun á stuðurum, ljósum og nýjum álfelgum. Bak við lipurt leðurstýri blasir við endurhannað mælaborð með stærri margmiðlunarskjá og upplýsingar á 4,2" TFT-skjá. Með 360° myndavél nýtur þú meira öryggis og skynjarar að aftan og framan meta fjarlægðina í öruggum akstri til móts við nýja tíma.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

**VILDARPUNKTAR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM\***



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

\*Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

# VIÐ ÞÖKKUM EFTIRTÖLDUM AÐILUM STUÐNINGINN



**ORKUVIRKI**  
www.orkuvirki.is



**Sjómennt**  
www.sjomennt.is



**ÍSLANDSSTOFA**



Ásbjörn Ólafsson ehf.



**Landsmennt**  
www.landsmennt.is



**Sveitamennt**  
www.sveitamennt.is



inter Medica.



Heimsferðir



HB GRANDI



icepharma  
Bætt líðan · Betra líf



Faxaflóahafnir sf  
Associated  
Icelandic  
Ports



ÖSSUR



ÍSFELL  
www.isfell.is



**Ríkismennt**  
www.rikismennt.is

**SMITH &  
NORLAND**

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
www.sminor.is



ÖLGERÐIN  
EGILL SKALLAGRIMSSON



Íspan  
GLER OG SPEGLAR



66°  
NORTH



LANDSNET



ÍAV



LímtréVrnet

Apótekarinn<sup>+</sup>  
- lægra verð



NÓI SÍRÍUS





**NÝJAR VÖRUR  
VIKULEGA**

**VERO MODA®**

KRINGLUNNI OG SMÁRALIND | VEROMODAIceland 



**NÝJAR VÖRUR  
VIKULEGA**

**JACK  JONES®**